Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til Bjarna: Bréfritari Benedikt faðir hans, nóvember 1930 til febrúar 1932

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Bréf – Fjölskyldan –kreppa – gjaldþrot – línuveiðarar á hausnum –fiskur selst seint og illa - Mogginn og Tíminn að halda flokkareytum sínum – Rússa bolsi – útihús brann í Skaftartungu - Pálmi og skólamál – veðurfar – stjónmál – atvinnuleysi – styttur fluttar til í Reykjavík – ólöglegur innflutningur á áfengi - 1930 til 1932

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-1, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 20. nóv. 1930.

Góði Bjarni minn.

Þakka þér bréfið frá Khöfn. Þetta verður fyrsta bréfið, sem ég sendi þér suður yfir pollinn. Hefir heldur lítið verið gert að því að skrifa þér héðan, en það er mest vegna þess, að enginn vissi, hvert skrifa skyldi. Í bréfi frá Pétri, dags. 3. þ. m. kom áskrift þín. Mun hún fyrst hafa verið notuð í gær, er litlu systurnar sendu þér fáar línur. Geri ég ráð fyrir, að þar hafi ekki verið þeitan gólt að flá, um fréttir og atburði, en meir vitni um góðan vilja og hug þeirra til bróður síns.

Vegna þess að hagur margra er mjög háður veðráttu ætla ég fyrst að víkja orðum að henni. Er þar skemst frá að segja, að haustveðrátta hefir verið í harðara lagi síðan í septemberlok. Hefir legið nokkur snjór hér á Suðurlandi, svo að ~~f~~ bifreiðaferðir tepptust svo sem tvo daga yfir Hellisheiði. Eru nú viðskifti austanmanna orðin svo mikil við Reykjavík, að þess kennir þegar bæði þar og hér ef hnekkir verður á ferðum, þótt ekki sé nema daglangt. Kemur þetta mest til mjólkurbús Flóamanna. En hætt er við, að þeir verði að bíta í það beiska brisið oftar í vetur. – Fárviðri hafa engin komið, en „hart til jarðar". Eru hér nú heldur stillur og hreinviðri þessa daga. „Góður snjórs" handa börnum, enda sleðaferð mikil um allar götur. Frosthörkur hafa engar verið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þrátt fyrir enska lánið nýja þykir sem „fjárkreppa“ sé aðsteðjandi. Gjaldþrot nokkur hafa þegar orðið: Þórður Flygenring, Gísli Johnson í Vestmannaeyjum og nokkrir smærri. Er mælt, að h/f Ísland (togarafél.) og Kol og Salt muni vera á heljar-þremi. Bölsýnir menn láta sem uggvænt sé, að „Útvegsbankinn“ muni verða afvelta í vetur. „Línu-veiðarar“ eru allir á hausnum; nær fjórði hluti þeirra þegar gjaldþrota og vilja nú engir eiga bátana. Kostnaðurinn er svo mikill, að ekki stenzt við. „Bolsar“ eru og farnir að hóta verkföllum eftir áramót og er þá varla annað fyrir, en „allt“ fari á hausinn. – Líklega tekst þó að afstýra eða skirra vandræðum betur en á horfist í svipinn.

Jafnaðarmenn heyja þing sitt þessa daga hér í Vík. Hófst það í gær. Er það svonefnt „verkalýðssamband“, sem fyrst kemur saman. Hafði lent í hörku-rifrildi milli Einars Olgeirssonar og þeirra Héðins og Jóns Baldvinssonar á hina sveifina. Lá við bar-smíð. Er þetta talinn undanfari þess, að félag þeirra klofni í næstu viku, þegar sjálft „sambandið“ tekur til starfa. Staðhæfa menn, að „kommunistar“ ætli að láta reka sig úr sambandinu, til þess að geta þvi betur skellt skuldinni á hina. Alþbl. skammar nú bæði „íhaldið“, Tímann og Mogga í jöfnum höndum, líklega meðfram til þess að reyna að halda saman flokka-reytum sínum. – Enn er hann „uppgenginn norðan“, því að hinn grái maður á Akureyri hafði rekið bolsa-strák úr skóla sínum í fyrra-dag;

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II.

segja menn nú Einar Olgeirsson óðan og uppvægan, hótandi að „storma" skólann, nema bolsinn sé tafarlaust" tekinn aftur. Kveður hann ofbeldi verða beitt gegn „þeim" (þ: bolsunum) og þá verði „þeir" að beita sömu vopnum. Er nú sagt, að blásið sé að kolum flokksfunda í Siglufirði og á Akureyri (í þessu skyni). Veit enginn hver endi á verður; vantar Sigurð nú illa hjálparhellurnar frá Hriflu í þessum vandræðum.

Misklíð var með „skólameistara" og Kristjáni frænda vorum frá Efri-Hólum. Munu honum hafa verið sett skilyrði fyrir skólavist. Vissi meistari ekki annað, en stráksi mundi koma í skólann í haust. En hann brá þá á annað ráð og fór til Danmerkur á einhvern alþýðu-skóla þar. Kristján er mjög myndarlegur og efnilegur að því við bætti, að hann er inn rammasti Rússa-bolsi, alveg eins og E. O. — Í þessu sambandi dettur mér í hug, að Þórný, systir hans kunni afar-illa við sig í Noregi fyrst; skildi engan og líkaði allt illa. Skrifaði hún Ragnhildi á Háteigi og kvaðst mundu hafa komið heim þegar um hæl, ef hún hefði getað komið nokkrum í skilning um þessa ætlun sína. Hefi ég ekki síðan af henni spurt.

Einna helzt æfintýri hér á þessu hausti má telja för Tryggva Helgasonar af Akranesi. Bát hans rak á land í Aðalvík. Var T. síðan settur í „steininn" á Skutulseyri, en slapp þaðan og duldist „á ýmsum stöðum" vestur þar. Hafa Vestfirðingar heldur hlýtt þel til hans, einkum af því, hve vel og snyrtilega hann hafði gengið um sumarbústað einn, er hann dvaldist í um hríð.x Hafði hann svo tekið sér far á „Drottningunni" til Akureyrar í október og verið

x Og jafnframt, að þeim fannst Gísli eða Grettir vera endurborinn.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sitan undir áraburði einhvers náfrænda síns. Bróðir T. hefir nú farið norður í Aðalvík til þess að gera bátinn jafngóðan, og gerir M. Bl. sig ánægðan með þau úrslit. Mun og verða slett yfir djarftæki Tryggva, annað, með endurgjaldi og er fullyrt, að sakir allar falli niður „af hálfu hins opinbera". Hefir T. þá sloppið furðuvel frá sínu braski.

Sveinn Þórarinsson er hér að sýna myndir sínar og frúarinnar. Því miður mun aðsókn vera mjög lítil og sala að sama skapi.

Velkomið og sjálfsagt, að senda þér öll blöð, eða það sem þú kynnir að vilja sjá af þeim, því að Pétur nær í blöðin sjálfur í Höfn. Eins skal eg senda þér bækur eða bæklinga, nýtt eða gamalt, eftir því, sem þú óskar og er mér það ánægja.

Hefi nýlega lesið í dönsku blaði grein eftir Lloyd George, all-merkilega, þar sem hann tekur þétt í lurginn á Frökkum og öðrum bandamönnum fyrir brot á Versala-samningunum. Telur Þjóðverja hafa fulla ástæðu til að bregða einnig á sitt ráð um efndirnar.

Við sendum þér öll beztu kveðjur. Móðir þín er að skrifa þér eitthvað. Við urðum bæði of-sein fyrir í gær.

Berðu Rutu beztu kveðju.

Þinn gamli faðir.

Dáin eru (sama dag) Höskuldur frændi Aðalsteinsson Kristjánssonar (á Vífilsst.) og húsfreyja Árna í Höfðahólum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rvík 25. nóv. 1930.

Góði Bjarni minn.

Örfáar línur í viðbót við bréfið um daginn.

Jafnaðarmanna-þingið heldur áfram. Atkvæðasamt hafði verið á „Verklýðs-fundinum“ og var þar samþykkt mótmæla- og vantraustsyfirlýsing á „Verklýðsblaðið“ með c. ¾ atkv. — Hreinir „bolsar“ virðast því ekki hafa meira en svo sem ¼. Mbl. segir, að Ólafur Friðriksson hafi barið einn á fundi og sagst mundu hafa skotið hann, ef hann hefði haft á sér skammbyssu. Var gengið á milli. Aðalþingið er enn eftir og spáir Mbl. illindum þar. Annars tíðindalaust.

Nýlega strauk Magnús Guðmundsson bakari frá Kleppi; (bróðir Sigga „saumakonu“). Náðist nokkru seinna og þá settur í „Hegnin“ og varð upphlaup í gær og kallað á brunaliðið, því að Mangi var kominn upp á þak og tekinn að brjóta þakhellur til þess að kasta niður á götuna á samborgara sína. Náðist síðan óskemdur.

Afarmikið bóka-uppboð hefst í Fjalakettinum á morgun, þar eru „allar lögfræðibækur“ o. m. fl. Ekki veit ég, hver átt hefir.

Meðal annars: Hvernig á að skrifa þetta „Frohns“, í sumum handritum „Frohms“ eða Frohus“ — ? —

Þú ættir að skrifa Stellu stundum. Þótt hún kunni ekki að vonzkast (sbr.: „Hvar er rottan?“), þá er hún viðkvæm og heldur, að þér „þyki ekkert vænt um sig“, ef þú skrifar henni aldrei, eða mjög sjaldan. Þetta segi ég „af gefnu tilefni“.

Blessaður og sæll. Þinn gamli faðir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kærar kveðjur til Rúts. – Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsælls nýjárs. – Móðir þín sendir bréf er ferð fellur næst.
Þinn gamli
Benedikt.

Reykjavík 10. des. 1930.

Góði Bjarni minn.

Gaman þótti mér að lesa bréf þitt til Sveins, þar sem þú segir frá Óslafundi stjórnmálamannanna o. m. fl. – Hingað berast öðru hverju merkilegar fregnir af óróa og viðsjám stórþjóðanna. T. d. sá ég hér á dögunum grein í „Ekstrabladet“ þar sem var merkileg ritgerð eftir Lloyd George. Taldi hann þar mjög á stórveldin, einkum Frakka, um samningsrof Versala-friðarsamninganna, að því er til afvopnunar kemur; viðurkendi hann, að Þjóðverjum (einum) bæri engi skylda til þess að halda ákvæði samninganna, er hinar þjóðirnar brjóti þá. – Stuttur útdráttur kom í Tímanum af nýrri bók eftir ~~Heg~~ Ludendorf, þar sem hann segir fyrir nýja styrjöld mjög bráðlega, í síðasta lagi 1932, gerir ekkert úr vörnum Þýzkalands og telur menning Norðurálfu-þjóða munu verða rothögg gefið. – Þá eru og einkennilegar ferðir þeirra Litvinoffs og Mustafa Kemals til Ítalíu á fund Mussolinis eða fulltrúa hans. Ennfremur ekki sízt hinar svokölluðu uppljóstranir landráðamannanna rússnesku. Að vísu er það allt látið heita lygi og skrípaleikur, og er flest í þessu undra-glannalegt og grálegt með afbrigðum, – en lítil mótgögn eru það, þótt Poincaré þverneiti! Hvað getur hann annað? Hitt miklu óvenjulegra í vitna-framburðinum, finnst mér, að Englendingar hafi verið við þetta svo berlega riðnir. – Loks er nú í Politiken ágrip af endurminningum Bülows gamla og sagt frá makki keisarans við Dani. Er mjög fróðlegt að lesa hinar viturlegu tillögur Bismarcks um þau mál og eins það er Bülow segir.

Á þetta drep ég einungis til þess að gefa þér hugmynd um það litla, sem ég hefi fylgzt með í þessu.

Þjóðverjar eru víst ekki alveg sammála um bók Ludendorffs?? Mikið held ég að [illegible] í þeim. Gaman, að þú segðir mér svolítið um „horfurnar“ í álfunni frá þínum sjónarmiði!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 Veðráttan heldur örðug og snjór á jörðu, svo að erfitt hefir orðið bifreiðum og hafa þær teppst eitthvað þessa dagana bæði til Grindavíkur og á Hellisheiði. Þó er það ekki til muna. — Stórviðri hafa fá komið, nema sunnan-suðvestan veðrið aðfaranótt 1. þm. og þann dag. Einna hvassast var síðari hluta nætur. Þá laust eldingu í síma í Skaftatungu og brann íbúðarhús í Flögu, en fólk komst út nauðulega. Þar var símastöð og kviknaði út frá rafmagnstækjunum. — Þessa nótt hefir og togarinn „April" farizt. Þar var á Pétur Hafstein, farþegi frá Englandi. Munt þú frétt hafa þessi sorglegu tíðindi.

Form. stúdentaráðs háskólans, Agnar Klemensson, hafði beðið mig að tala af svölum Alþingishúss 1. þ. m. Hét ég því. Veður var mjög hvasst og gekk á með útsynnings-éljum. Var að vanda hafin skrúðganga stúdenta frá Lækjargötu um Austurstræti og Aðalstræti til Alþingishúss. Var all-fjölmennt. Voru þar fornhetjurnar Indriði og Sigurður Gunnarsson. Í broddi fylkingar gengu merkismenn með tvær fánastengur, fyrst þó fáni Íslands, en þá næst stjörnufáni (stúdentafélags?); var sonur sr. Bjarnar úr Laufási eftir stönginni og sinn maður til hvorrar handar, er héldu í hornbönd. Við Agnar gengum þá næstir og svo hver af öðrum. Var svo hvasst, að varla fengu þeir haldið stöngunum. Þegar kom í Aðalstr., móts við B.H.B., fauk sundur efri fánastöngin í höndum Laufásmanns, og reið efri hlutinn með þverslánni beint í höfuð mér, þar sem hæst bar framan við hvirfil. Var það mikið högg, og fann ég nokkuð til, en lét ekki á bera. Ég hafði stúdentahúfu mína. Voru brotin tekin upp og haldið áfram fram hjá þinghúsdyrunum fyrst, til þess að fylkingin kæmi sér sem bezt fyrir. Þá var kominn þangað allmikill flokkur ýmissa manna. Þegar við Agnar stefnum inn að þinghúsdyrunum kemur Erlingur lögregluþjónn og segir mér að blóð leki eða renni niður undan húfunni á hnakkanum. Ég varð ekkert undrandi og strax

Þótt þetta sé alveg ómerkilegt hefi ég ritað það hér, svo að þú vitir rétt skil á, ef rangur orðasveimur berist.

4. svo á hann að veiða síld á sumrin, bæði til þess að afla bændum ódýrrar síldar og ódýrs fóðurbætis og áburðar — því að hann á að láta eitthvað af síldinni í ríkisbræðslu, eins og gengur. Um þetta talaði Jónas mjög „dásamlega" á Framsóknarfélagsfundi fyrir skemstu. Hitti ég einn norðanmann, Gunnlaug Stefánsson, sem hér var og tíma í vor, og virtist mér, sem honum þætti allt þetta mjög framlegt og þjóðráð til þess að girða fyrir „kreppu" þá, er þ. j. og aðrir telja nú yfir vofandi. — Vill Jónas með þessu lagi „dýrtíðina" í Rvík og svo hefir hann í ráði að setja niður alla húsaleigu. Vit má vera í því. En það sem jafnaðarmenn heimta enn kauphækkun og þegar þá jafnframt yrði ennþá hægra að komast af í bæjum og kaupstöðum, — hvernig er þá hægt að „stöðva strauminn" úr sveitunum?

Hvað sem líður þessum Þórs-brama-lífs-elixír, þá er „andsk. kreppa" fyrir höndum. Bændalánunum hefir víst þegar verið varið að allmiklu leyti til ýmissa framkvæmda, og verður því ekki við þann ýl að sitja all-lengi. [til nýrrar ummsýslu] Ýgla búin og heldur lítið af sér, ullin verðlaus, tekjur allar rýrar, en kaup hátt. — Við sjóinn er og mesta kreppa; fiskur selst seint og illa. Margir útvegsmenn oltnir um: Gísli Johnsen, Þórður Flygenring, Heiðdal á Bakkanum, forstjóri „Iðjuversins", Böðvar Tómasson á Eyrarbakka o. fl. Er og sagt, að við borð liggi gjaldþrot Íslandsfélagsins, Copelands; ennfr. „Kol og salt" sagt á þrotum. Karl Magnússon („Fjölnir"). — Níu línubátar eru sagðir í gjaldþroti og eitthvað 10 félausir, 40 eru þeir alls. Ekki blæs nú byrlega.

Fjórðungsþing Sunnlands í „Fiskifélagi Íslands" var að nafni til háð í lok síðustu viku. Fáir komu. Einhverjar samþ. voru gerðar. Kristján Bergsson berst fyrir því að félagið verði lagt niður og verði ein skrifstofa stj.-ráðsins fiskveiðaráðuneyti. Ætlar hann svo að sjá sér þar fyrir föstu skrifstofustj.-starfi með Kristjáni frá Garðsstöðum (br. Jóns Auðuns fyrir fulltrúa). Hafði Garðsstaða-Kristján fengið till. um þetta samþ. á fundi við Djúpið að undirlagi nafna síns. En hér risu Keflvíkingar, Eyrbekkingar, Ölfusingar o. fl. öndverðir í gegn og þótti formanni illa sama tillagan. Stökk hann síðast af fundi, höfðinginn! Hann hefir nú árum saman ráð að

þó öllum sé um, að félag hans leggist niður. Félagið á að vera athafnalaust [illegible] vegna óstjórnar [illegible]

Ég sendi þér bráðum eitthvað af prentuðum fylgiskjölum, með [illegible]

8/ 10. des. 1930

um hnakkann. Var hann þá blautur af blóði. Ég lét sem ekki væri og gengum við upp á loft, en einhverjir Stúdentar fóru eftir lækni; þeim þótti það vissara og voru hálf-hræddir. Enginn var við og festi svo einhver læknisnemi vírta plástursbót á koll mér, sem ekkert gagn gerði. Kl. var þá nú rétt 2 og fór ég þá út á svalirnar og flutti ræðuna, sem ekkert hefði í skorizt. Hátalari hafði ekki fengizt, sem til var ætlast, en þó munu menn heyrt hafa nokkurn veginn. Varð ræðan skemmri sakir óveðurs, en ella mundi. Gerðu menn góðan róm að. Hélt ég víst minnum skilnings fram á gildi dagsins; reyndi að stilla svo í hóf, að ekki mætti öfgar fylgja eða Danahatur. Morgunbl. flutti sæmilega frásögn og ágrip, Tíminn nefndi mig á nafn, en þar var öllu snúið upp í skjall um Hriflu-Jónas vegna ágætrar framgöngu hans í Háskóla(húss)málinu! Vísir fylgdist alls ekki með fremur en vant er. [Þeir skrifa nú með í hann Peter Sigurdsson trúboði frá Canada og Ól. Ól. frá Kína]. Svo voru söngvar og upplestur í Nýja bíó að vanda; samsæti meinlaust og ómerkilegt um kveldið, með dansi á eftir. — Ekki hafði hnífurinn höggvið, en skinnið sprungið á tveim stöðum; hlupu upp kúlur nokkrar, en annars varð mér hvergi meint af. Er rétt svo, að ég finn til er ég stryk um kollinn. En varla mun hafa mátt miklu muna, að verr færi. Er svo lokið þessu æfintýri.

Bolsar klofnuðu alveg frá jafnaðarmönnum á fundum um daginn. Vísuðu hvorir öðrum til Valhallar. Settu Kommúnistar sér sérstaka stjórn. Jafnaðarmenn lýstu því, að Sambandi þeirra eða stuðningi við landsstjórnina (Frams.) væri lokið. Alveg er óséð, hverju þetta veldur á næstu tímum. Sennilegt þó, að jafnaðarmenn tapi heldur við það í landinu og sambandið við Framsókn líklega verða en áður.

Jónas er kominn heim. Hefi ég aðeins hitt hann í svip á götu. Nú er hann uppfullur af þeirri stórkostlegu umbót, að láta björgunarskipið nýja Þór, veiða fisk með botnvörpu til þess að útvega Reykvíkingum ódýran fisk í soðið og

Danir eru af og til að skamma Íslendinga, af því að þeim er [illegible] [illegible] botnvörpu [illegible] Veiðar í landhelgi; Stauning kallar Íslend. [illegible] Danir, [illegible] [illegible] [illegible]

8/ 10. des. 1930

um hnakkann. Var hann þá blautur af blóði. Ég lét sem ekki væri og gengum við upp á loft, en einhverjir Stúdentar hlupu eftir lækni; þeim þótti það vissara og voru hálf-hræddir. Engi var við og festi svo einhver læknisnemi þríta plásturbót á koll mér, sem ekkert gagn gerði. Kl. varð nú rétt 2 og fór ég þá út á svalirnar og flutti ræðuna, sem ekkert hefði í skorizt. Hátalari hafði ekki fengizt, sem hér var ætlast, en þó munu menn heyrt hafa nokkurn veginn. Varð ræðan skemmri sakir óveðurs, en ella mundi. Gerðu menn góðan róm að. Hélt ég víst minnum skilnings fram á gildi dagsins; reyndi að stilla svo í hóf, að ekki mætti öfgar þykja eða Danahatur. Morgunbl. flutti sómilega frásögn og ágrip, Tíminn nefndi mig á nafn, en þar var öllu snúið upp í skjall um Hriflu-Jónas vegna ágætrar framgöngu hans í Háskóla(húss)málinu! Vísir fylgdist alls ekki með fremur en vant er. [Þeir skrifa nú með í hann Pétur Sigurðsson trúboði frá Canada og Ól. Ól. frá Kína]. Svo voru söngvar og upplestur í Nýja bíó að vanda; samsæti meinlaust og ómerkilegt um kveldið, með dansi á eftir. — — Ekki hafði hausinn höggvizt, en skinnið sprungið á tveim stöðum; hlupu upp kúlur nokkrar, en annars varð mér hvergi meint af. Er rétt svo, að ég finn til er ég stryk um kollinn. En varla mun hafa mátt miklu muna, að verr færi. Er svo lokið þessu ævintýri.

Bolsar klofnuðu alveg frá jafnaðarmönnum á fundum um daginn. Vísuðu hverir öðrum úr Valhallar. Settu Kommúnistar sér sérstaka stjórn. Jafnaðarmenn lýstu því, að Sambandi þeirra eða stuðningi við Landsstjórnina (Frams.) væri lokið. Alveg er ósýnt, hverju þetta veldur á næstu tímum. Sennilegt þó, að jafnaðarmenn tapi heldur við það í landinu og sambandið við Framsókn líklega veilla en áður.

Jónas er kominn heim. Hefi ég aðeins hitt hann í sorp á götu. Nú er hann uppfullur af þeim stórkostlegu umbót, að láta björgunarskipið nýja Þór, veiða fisk með botnvörpu til þess að útvega Reykingum ódýran fisk í soðið og

Danir eru af og til að skamma Íslendinga, af því að þeim er dálítið hömluð dragnóta og botnvörpuveiðin í landhelgi. Stauning kallar Ísland hjálendu Dana, eina af fremur, í ræðu sem hann flutti á Suður-Jótlandi nýlega.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 3. febrúar 1931.

Góði Bjarni minn.

Eg óska þér velfarnaðar á þessu nýja ári. Hef eg ekki sent þér línu fyrri. Þó fékk eg langt og skemtilegt bréf frá þér, ritað öndverðan janúar-mánuð, þar sem þú skrifar mér um horfurnar í Norður-álfu. Þótti mér það allt einkar fróðlegt. Svo hafa systurnar og móðir þín fengið bréf frá þér og þökkum við þau öll sameiginlega.

Um daginn tók eg ein þrjú blöð, er eg veit á til þín og geri ráð fyrir, að þú hafir fengið. Voru þar ummæli Jóns Jónssonar frá Laugum um Dr. Wegener og svo endursögn þeirra frá Guðmundi Bárðarsyni. Ætlaðist eg til, ef þér sýndist svo, að þú fengir þessi ummæli einhverjum málsmetanda Þjóðverja í hendur, er þú kynnir að þekkja, svo-sem professor Kroner, eða hvað hann hét, þessi höfðingi, sem bauð ykkur heim á gamlárskveld. — Miklu sýnist mér skoðun Jóns frá Laug skilmerkilegri en Vigfúsar. Jón ber fram rök, sem vart verður hrundið; hitt er eins og „völu vilmæli", sem Hávamál vara við að leggja trúnað á.

Eg varð svo seint fyrir, er eg reit Pétri síðan, að eg sá ekki annað vænna en ~~skrifa~~ biðja hann að senda þér bréfið, því að ekki vanst tími til að skrifa þér líka. — Heldur fóru út um þúfur þær vænlegu horfur, sem þá í svip vóru um „mentaskóla-málið". Allt í bezta gengi þá um kveldið, en allt orðið öfugt um morguninn eftir, — eins

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/ og ég gerði hálfgert ráð fyrir í bréfinu. Ekkert stóð á steini.
Blöðin hafa nú flutt skýrslur um málið og munu
þær nokkurn-veginn réttar, það sem þær ná. Þó
sögðu ræðumenn úr skóla (Egill Sigurgeirsson frá Hvammi,
Sölvi Blöndal o.fl.) á „aðstandanda-fundinum“ í
Kaupþingssalnum, að vansagt væri og beint rangt
sumt í skýrslum kennarafundar, og fleira (væri rangt)
en þeir hefði leiðrétt. – Varla verður annað séð,
þótt ekkert lægi fyrir nema skýrsla kennarafundar,
en málið sé í upphafi nauða-lítilfjörlegt, og að
Pálmi sé sjálfur, fyrir nautheimsku sína, fljót-
færni og stirfni valdur að þessu uppþoti. – Kenn-
arar áttu ekki sem bezta stöðu. Ef þeir hefði
lagt til ~~að~~ móti Pálma – að málið felli niður,
hefði þeir af sumum verið sakaðir um
tvíveðrung, því að áður hefir þeim þótt skorta
aga í skólann. – Pálmi ætlaði nú allt í einu
að fara að gerast ógnar-mikill „stjórnari“, en þá
fór ekki ósvipað því, er asninn komst í ljóns-
húðina. – Á málfundi þeim, er kennarar og piltar
háðu um málið í skóla, dustuðu þeir Pálma
svo sundur og saman, að þeir ráku allt ofan í
hann margfalt. T.d. spurði Sölvi: Hvers-vegna
ekkert hefði verið fengizt um það í fyrra, þótt
heill bekkur hefði neitað að gera stíl hjá G. Bárð.,
og jafnvel hætt að sækja tíma. – „Það var önnur
aðstaða þá!“ sagði rektor. – „Að hverju leyti?“ –
„Þá var ég settur, en nú er ég skipaður,“ sagði Pálmi.
– „Já, einmitt það: þá var hann settur, en nú er hann skipaður.“
//

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/ 3. febr. 1931.
„Stefnu-skráin frá 1. okt. 1929 varð þá ekki staðbetri en þetta!" sagði Sölvi, eða á þá leið.
Á „aðstandanda"-fundi talaði Gústaf Adolf Sveinsson mjög röksamlega. Sýndi ljóslega þá staðlausu stafi, er Pálmi hefði farið með. — Ég reyndi eftir mætti að skirra vandræðum, talaði við Magnús Sigurðsson (sem reyndar var meir á sveif Pálma, þótt sonur hans og sonur Guðm. Björnssonar væri báðir í 6. bekk og allgóðir), Jón Baldvinsson og Ásgeir Ásgeirsson. Allir þessir gerðu sitt til að draga úr Pálma. Sonur Jóns var í 6. bekk C. og var það gott keyri á hann, enda var hann mjög eindreginn með piltum. Töluðu þessir allir við Pálma. — „Nefndin", sem aðiljar nemanda kusu, hefir þó vafalaust verið baggamunurinn. Þar voru ágætir menn, svo sem Þorkell Þorkelsson, er verið hefir kennari nyrðra og hér og þekkti alla eða flesta kennarana. Talaði hann víst við þá flesta. Svo sat „nefndin" á fundi með kennurum öllum í gær frá c. 9½–12½. Loks var málið sjatlað um miðaftan í gær. Sér þó skjölin öll í blöðunum. Sagt hafði verið í útvarpi í gærkveldi á þá leið, að nemendur hefði látið sig, og á það að vera til þess að gylla Pálma. En annars þykjast nemendur hafa sigri að hrósa. Er það heldur barnalegt af rektor og kennurum að vera með slíkan metning. — Annars eru þessar „nótur" milli kennara og pilta heldur broslegar og ójafnaðar Pálma mjög áþekkur því, þegar Frakkar voru að heimta „tryggingarnar" af Bismarck 1870 — fyrir því, að þetta mætti ekki koma fyrir síðar!, þegar allt annað var „klappað og klárt".

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/ Pálmi var fyrst með sperring um það, að ekki mundu nema svo sem 30 hætta að sækja skólann; hinir yrði fegnir að koma, enda velkomnir. En það kom brátt í ljós, að annað mundi uppi verða, því að einatt virtist ganga saman flokkur Pálma, ef flokk skyldi kalla. Á meðal venzlafólks nemanda var og stórum yfirgnæfandi samúð með þeim. Enn var það, að þeim P. og hans nótum kemur ekki sýnst vænlegt að nota þetta í stjórnmála-deilu, segjandi, að hér sannaðist að Mbl. og „kommúnistar" tæki höndum saman gegn stjórn og reglu, – því að hér var Jón Baldvinsson o. m. fl. einmitt á sama bandi sem Mbl. og „kommúnistar". – J.J. var skyndilega horfinn héðan (undir Jökul). Vóru menn hræddir um, að hann hvetti Pálma, til þess að koma Reykvíkingum og skólanum að sem mestum skaða. Enda hegðist P. stundum undarlega (fyrir „annarleg áhrif", að menn ugðu), en í gær kom J.J. og hafði þá verið hóglátur í málinu. En þar hefir einmitt sama ráðið, að hann sá, að ekki varð rönd við reist, úr því að Jafnaðarmenn vóru ekki á Pálma bandi.
Nú hafði allt verið með „kyrrum kjörum" í morgun. Þó tók Pálmi Sölva á klukkustundar eintali, og hafði ráðlagt honum að segjast úr skóla, – ella mundi hann verða rekinn fyrir ýmsar eldri sakir (sem P. hafði þó áður niður fellt). S. tók þessu fáleglega. En síðdegis í dag hittir P. Sölva, og leggur þá til að þeir sættist og verði vinir og hefðu þeir haft handsöl að því. Svona er allt hans ráð reikandi nú, enda hefðu margir nemendur sagt, að Pálmi yrði hyklaust hrópaður af, ef hann ræki Sölva. – „Ljótur" hafði P. verið í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5) 3. febr. 1931.

dag, eftir „sigurinn“, en aðrir voru léttir og ljúfir. – Er nú allt komið í samt lag, að því er virðist á yfirborði, nema Pálmi hefir gersamlega látið virðing sína í skólanum – og utan skóla víst líka, þar sem eitthvað var að missa. – Nú veit ég ekki, hvort nýtt uppþot verður út af mánaðarfríi, sem P. hafði áður ákveðið í sambandi við aðra skóla, að vera skyldi 11. þ. m., en auglýsti svo, að mánaðarfrí væri í gær, til þess að það færi saman við „skrópadag“ nemanda (sem í rauninni var nokkuð hnyttið). Líklega verður þó ekki af meiri óspektum í bráð, enda er nóg komið í bili. – Segi ég svo ekki meira frá þessu labbakúts-lega skólamáli.

Ég geri ráð fyrir, að Pétur hafi sent þér bréf mitt. Tryggvi sagði, þegar ég hitti hann, að „Sambandsfundur ~~Kaupfélaga~~ Samvinnufélaga“ mundi verða í marz á littn-um. Mundi ráð, að ég ýtti undir einhverja trúnaðar-menn mína að koma á fundinn sem „fulltrúa“ (því að þá fá þeir ferðakostnað) og mundu þá verða rætt og jafnvel gert út um framboð af flokksins hálfu. Hér er þó margt við að athuga. Fyrst er það, að J. J. mundi „éta“ þá, eins og vant er, ef hann verður þá samilega fjandsamlegur mér, sem lítt þarf að efa, og þá lítið með þá að gera. Þó mun ég vel athuga þetta. Þótt allur þorri kjósenda sé mér mjög vinveittur og mundi hiklaust veita mér fylgi, ef hann mætti ráða alveg óneyddur, þá hafa kaupfélögin svo mikil völd, að þau ráða nálega alveg atkvæðum „sinna manna“. – Mjög erfið aðstaða að vera í andstöðu um framboð við Bj. Kr., frænda, ef til kæmi, þar sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. hann situr í miðju héraði við símann sjálfan, svo að
hann veit allt, sem í hann er talað og um hann sent.
Er ennfr. póstafgr.-maður og sér hverjum skrifað er og veit
um öll bréf, sem koma og fara. — Enn er þetta, að nær
ómögulegt er að keppa til kosninga í flokki, sem „maður"
er alls eigi ánægður með gegn samflokks-manni, sem
er harðánægður með allt og hefir því fylgi allra þeirra,
sem skeleggir eru í flokki. Að vísu mundi ég hafa
„hina" og svo sjálfsagt nokkuð af „Framsókn", en það
kemur undir því, hvernig hægt verður að vinna með
þeim í flokknum í vetur á þingi. Öfgamálin eru
svo mörg og mikil, að ólíklegt er, að hægt verði að
þvælast samferða eins og flokks-menn þl. hann að
krefjast. Vér bíðum nú og sjáum hvað setur. Sjálf-
sagt er að reyna að hafa Fr.-góðan og aðra þá, sem
tauti verður við komið. — Eitthvert fulltrúaráð
S.J.S. verður hér í þingbyrjun. Þá munu og „Sjálfstæðis-
menn" ætla að halda hér aðalfund sinn.

Nenni ég ekki að skrifa lengra að sinni, en mun
skrifa þér síðar og segja horfur. — Ég hefi nú fengið starf
við safnið. Laun 4000, uppbót 1600 um árið.

Guðrún litla var hróðug af snjallræði sínu, er
henni kom í hug í dag, þegar hún skrifaði ykkur
bræðrum báðum sama bréfið; hafði litarpappír
á milli, svo að hún sló tvær flugur í einu höggi.

Bið að heilsa Rut og Bjarna Guðmundssyni.

Vertu svo blessaður og sæll, Bjarni
minn

þinn gamli faðir
Benedikt.

Þótt nóg sé bóka í Þýzkalandi gæti
ég e.t.v. sent þér einhverja, er þú vildir fá, og er það einatt
velkomið.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, mánud. 16. febr. 1931.

Góði sonur.

Ég hraðaði þér bréf um daginn og gat þá um horfurnar viðvíkjandi skiftunum við þing og stjórn. – Fundi þings var frestað á laugardaginn, þegar J. Bald. hafði hrópað: Lifi íslenzka þjóðin! og ýmsir þingmenn tóku undir ferfalt húrra, en Ásgeir kom svo með sitt ávarp: Lengi lifi konungur vor o.s.frv. og tóku nokkrir undir nífalt húrra, en jafnaðarmenn sátu. Tónti hafði orðið órór og grár. Var í ráðherraherberginu.

Á fl.fundi í gærkveldi kusu nd.menn forseta, og fékk J.B. 7 atkv., ég 6 og einn seðill auður. Hafði Jj. víst agiterað dyggilega. Ég talaði við engan, en þeir Ásgeir, Bjarni og Tr. komu hingað í gær og vóru allir með mér. Auk þess hafði ég sjálfan mig(!), Lárus og Gunnar. Bernharð mun ekki hafa greitt atkv. Kusum við svo auðv. allir Jörund í dag. Ingólfur var varafors. og Halldór þrautavara.

Dregið var um sæti, og er Magnús 2. að vestan frá enda, en ég næstur, þá Jón á Reynistað, Jón Ól., Þorl. o.s.frv. Jón Auðunn eða Eyja-Jóhann verður á endanum (báðir ókomnir).

Í nefndir verður kosið á morgun; býst ég við að verða í Samgöngunefnd og Sjávar-útvegsnefnd. – Annars eru fréttir engar og veit ég ekkert, hvernig ganga muni á þinginu.

Sjálfstæðismenn eru að halda landsfund sinn. Er enginn úr N.Þ. ennþá; kynni einhver

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að koma í nótt á „Íslandi", sem er að koma.
Hér er norðanda-veðrátta. Allhvasst og skipa-skemdir í Hafnarf. fyrir helgina. Norðan hvassviðri í dag. Hér kalt (6 st.) í morgun. Nú heiðskírt og stjörnubert og þíður frostlaust.
Inger dóttir Böðvars er ný-dáin á Akureyri. Böðvar er sjálfur all-lasinn af ofdrykkju eða hjartveiki og mun nú koma á „Íslandi" og vera á leið utan til heilsubótar.
Haraldur bankastj. á Seyðisfirði.
Get nú ekki skrifa meira.
Ólöf og Guðrún senda kveðju. Eru að læra kvæði og eta „bollur". Standa sig ágætlega í skólanum.
Blessaður og sæll
þinn elskandi faðir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 6. maí 1931.

Góði Bjarni minn.

Ég fekk fyrir nokkru bréf þitt frá París. Þakka ég þér það kærlega. Annars hefi ég ekki skrifað þér langa-lengi, en Pétri skrifaði ég að ný-afstöðnu þingrofinu. Bað ég hann að senda þér bréfið. Litlu síðar skrifaði ég honum aftur línu, en varð of-seinn að senda bréfið. Hefir það svo legið hér í hálfan mánuð og fékk ég nú við það í morgun og sendi honum í kvöld. Mun hann senda þér þau bæði bráðlega.

Mörg bréf hefi ég fengið að norðan og eru öll, í þá átt, að hvetja mig fastlega til framboðs. Var það og „alveg ákveðið", að þér er Tryggvi sagði mér um sumarmálin, að ég yrði í kjöri fyrir flokksins hönd. Þó hafði J.J. verið með einhverjar urgur og ekki var Björn frændi alveg öruggur. – Ég símaði til Friðriks í Efri-Hólum um sumarmálin og bað hann segja öllum stöðunum, að ég yrði í kjöri. Síðan skrifaði ég honum og ýmsum öðrum um sama efni. Nú í dag sínsendi ég framboð mitt og hafði beðið Björn Stefánsson frænda í Ólafsgerði (sem gekkst fyrir áskoruninni til mín í vetur) að útvega mér meðmælendur og koma meðmælabréfi til kjörstjórnar í tæka tíð. Eins hafði ég beðið um meðmælendur af Langanesi. Veit ég nú ekki, hvað Björn gerir. Heyrt hefi ég, að Gísli hefði í huga að fara norður, veit ekki frekara um það. Kemur nú bráðlega í ljós, hvað þeir ætla sér. – Ég býst við að fara norður síðla þessa mánaðar eða í júní. Vorið hefir verið kalt og þó

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/ enn gróðurlaust á Norðurlandi og snjór á heiðum. Hér hefir nú verið hæg norðanátt, sólskin og heiður himinn – og hygg fram undir hálfan mánuð. Frost margar nætur og varla farið að grænka enn. Nú er að þykkna í lofti og komin suðaustan gola. Er því búizt við regni og hlýindum; mun þá brátt grænka.
Hér er nú einna mest rætt um Grænlandsför þeirra Alexanders og er hún öll undarleg og þykir lítil framaför, sem von er. Vísa ég til frásagna Morgunblaðs, Vísis og Alþýðublaðs, því að önnur betri gögn hefi ég ekki með höndum.

Allmargir hafa látizt hér nú um hríð; nú síðast Gunnar bankaritari, sonur G. landlæknis og Árni Jónsson timbursali á Laugavegi, báðir úr lungnabólgu. Fyrir nokkru er og látinn Óle P. Blöndal, sem var einusinni póstmaður; ennfr. margir, sem þú munt síður bera kensl á. Þó má heita, að heilsufar hafi verið gott. Slys hafa orðið með minna móti síðara hluta vetrar.
– Afli má heita ágætur, einkum hér sunnanlands. Mokfiski hefir og verið við Siglufjörð og utanverðan Eyjafjörð, sem sjaldgæft er um þenna tíma árs.
Ég þarf að hafa upp á frv. um fimtardóminn, sem af hendingu hefir glatazt úr þingskjölum þeim, er ég sendi þér. Svo mun ég og bráðlega senda þér það sem ég get haft upp á af seinustu þingskjölunum, sem eftir voru.

Eitt af því fáa góða við þingrofið var það, að margt dagaði uppi af óhyttum og skaðlegum málum. En sjálfsagt gengur sumt af því dóti aftur á næsta þingi, eða næstu þingum, einkum ef flokkar verða með

3/ 6. maí 1931.

líkum hætti sem nú. Vildi ég feginn, að ekki all-lítil breyting yrði á, því að þreytandi hefir verið í þingi þessi seinustu ár. En því miður eru litlar líkur til, að nokkuð breytist til bóta. Má nú jafnvel gera ráð fyrir þremur kosningum samtals þetta ár og næsta.

Ég hefi skrifað P. dálítið krafl um síðustu atburði í samb. við þingrofið og horfur nýrra kosninga, eða öllu heldur í framboð, en mörg framboðin eru með öllu óvís ennþá.

Þú varst um daginn að spyrja mig, hvað hér mundi vera af erlendum lögfræðilegum tímaritum og verkum. Mun ég láta þig vita gjör um það síðar.

Nú luku litlu systur prófi í gær, heldur en ekki hróðugar, því að þær standa sig prýðilega. Vitnisburðarbækur sínar fá þær á 12. p.m.

Ranka kvaðst munu ljúka prófi 7. júní. Hún gerir hálft um hálft ráð fyrir að fara norður að Mývatni með öðrum 5tu bekkingum að loknu prófi.

Kristján gamli er að byrja að stinga upp garðinn.

Árni Pálsson er í óða-önn að búast austur í S. Múl. til framboðs þar með Magnúsi sýslum. Gíslasyni. Sagt er, að Ingvar muni nokkuð tapur, en „afi gamli" all-fastur í sessi.

Móðir þín og allar systurnar senda þér beztu kveðjur. Óska ég þér svo alls góðs.

Þinn gamli faðir,

Benedikt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 4. júlí.

Reykjavík 29. júní 1931.

Góði Bjarni minn. – Síðasta bréf þitt fékk eg, er eg kom að norðan, dagsett að mig minnir 6. þ.m. – Fylgdi þar með greinargerð þín, mjög skilmerkileg, um útvarpsreglurnar. Varð eg þeim feginn, því að þær fóru algerlega saman við mínar skoðanir, en voru miklum mun rökstuddari, en mér hefði hugkvæmst að halda fram. Við Sveinn höfum rætt um þessar athuganir þínar og talið þær full-langar, til þess að birtast í blaði, en höfum helzt í ráði að koma þeim í tímarit M.J. prófessors. – Þó væri réttast að sleppa, hver ritað sé og dagsetning.

Þú hefir nú fyrir löngu frétt ósigur minn norður þar. – Það var nú all-kunnugt, hvernig í pottinn var búið. JJ. hafði vitanlega um mjög mörg ár reynt að grafa undan mér, og þar sem hann er „óneitanlega“ ákaflega duglegur og, að því leyti, stórhygginn og laginn, þá hafði hann fyrir löngu rægt, eða keypt, frá mér þann mann, er talinn var frændríkastur norður þar og mér mundi veita mega mest fylgi – og sjálfum sér. Svo veizt þú nokkurt, hvernig gengið hefir síðan. Björn frændi er í sjálfu sér manna vinsælastur og er nú farinn að hleypa sínum mönnum í botnlausar skuldir. Veldur þetta bæði stórlega siðferðislegri lömun á kjósendur, og B.K. sjálfur – þar sem þeim er sagt, að ekki sé meira, þótt bóndi sé í botnlausu feni, en t.d. St. Th. Jónsson kaupm. á Sf. o.s.frv. – og jafnframt því, að þeir eru margir (þar af leiðandi) bundnir á óslítanlegan skuldaklafa í Kaupfélaginu, – en af þessu leiðir, að þeir telja heill sína alla undir því komna, að Sambandið ráði helzt öllu á Alþingi og yfir bönkunum, eins og það gerir reyndar nú.

JJ. hafði fengið nýjan kfl.-stjóra til Þórshafnar í upphafi þessa árs: Karl son Hjálmars á Ljótsstöðum í Laxárdal í S.Þ. Hjálmar er bróðir Sigga í Felli og Sr. Árna á Skútustöðum og minnstur fyrir sér þeirra bræðra, átti eina dóttur Tófa í Ólafsdal, sem móðir er Karls þessa. Karl er ungur og ekki óálitlegur, en alveg í vasa JJ., eins og Björn frændi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég fór héðan norður á Nóv. til Hv. Var þar þrjá daga um kyrrt, því að skipsferð vantaði, en mjög torsótt að fara landveg, því að kuldar voru miklir og allir heiðarvegir nær ófærir. Fór svo af fararnótt annars í hríðarsumri frá Hv. til Kópaskers, kom þar í dögun og tók Björn og frú hans mér hið alúðlegasta. Fór ég svo upp að Efri-Hólum og hafði þar síðan athvarf og „athafnabasis", enda var Friðrik og allt fólk hans mjög eindregið á minni sveif og nágrannar þeirra. Fylgdi Fr. mér daginn eftir í Kelduhverfi í bifreið og gistum í Ærnanesi í Sandi. Var þar fornvinum að fagna í nýreistum bæ úr steini, afbragðsgóðum og viðtökur eftir því. Nú er ekki tími að rekja viðtökur og fylgi, enda þekkir þú þar oflítt til, þótt sagt væri, en nefna verð ég þó þá nokkra, er al-eindregnir voru. Ólafur oddviti í Fjöllum, Kílakotsmenn, allir afkomendur Stefáns Erlendssonar og langflestir aðrir Gottskálks-niðjar, Guðmundur í Nýjabæ, allt Garðs-fólk, flestir af Víkinga-ætt, Ærlækjarbræður, Sandfellshagi, Þverá, Klifshagi, Hróastaðir, Akursel, o.s.frv. (Benjamín gráðvönduði kom hvergi við sögu). Hafði ég miklu meira bl. um Kelduhverfi, Öxarfjörð, Núpasveit og Þistilfj. en Bj. hafði nær alla Sléttu = Presthólahrepp; gr. þar atkv. 200 kjósendur og mun ég ekki haft meira en c. 50. ~~Hef~~ Á Hólsfjöllum gr. 27 atkv. og veit ég ekki, hvort ég hefi átt nokkurt þeirra. Þessi byggðarlög liggja mjög úr þjóðleið og kjósendur þar þekkja mig næsta fáir „persónulega", en hin stórhættir kaupfélagi: því hafði ég engin tök á þeim.

Jón Guðmundsson í Garði í Þistilfirði, oddviti, hreppstj. og sýsl-nm. þeirra, skáld, smiður og skynsamur maður, bauð sig fram af hálfu „Sjálfst." — var þó undir niðri með mér, en bar sig vel á þeim þrem fundum sem hann sótti. ~~Ha~~glátur maður, makráður, góðgjarn, en vel heima. Við háðum alls sex fundi, dag eftir dag. Fórum seint um kvöld af Kópaskeri til Þórshafnar. Komum þar undir morgun. Hafði Bj. til brautargengis Pétur bónda á Oddsstöðum á Sléttu (frænda Hriflons) og svo réttust þeir austur Presthóla-bræður: sr. Halldór og Páll Cand. phil., vitur maður, e.t.v. vélráður, en snjall

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/ og mælskur. Vóru þeir eindregnir þrísmenn (þ: Sjálfst. m).
Sr. H. sagði ekkert á fundum, er ostur og óvinsæll, en var
með undir niðri hlynntur. Páll er mikill gáfumaður og
hafði margt til brunns að bera. — Eg var einn míns
liðs í förinni: Héldum 1. fund á Þórshöfn um kveldið,
all-fjölmennan. Eg tók jafnan fyrstur til máls og talaði all-
lengi, 1–2 klst. Skýrði „objectivt" frá þingrofinu, talaði um kjördsk.
— athugaði alla stefnuskrá „Framsóknar". — Páll og þeir Björnsar deildu
fast á stjórnina. Varð og mest f. svörum. Bj. mælti þó og
gegn andstæðingum, fullmjög á Hriflunga-vísu; kallaði
Jóh. Jóhs, bæjarf. „stórglæpamann", taldi alþmönnum hafa
verið mútað til fylgis við Ísl. banka, bankaráðið hefði
vísvitandi samþ. ranga reikninga bankans til þess að
fá sjálft nokkra ágóðahluta, þegar bankinn hefði verið að
tapa o.s.frv. Þessu svaraði Páll allkarlega. — Næsti f. á
Svalbarði, svo Raufarhöfn, síðan Snartarstöðum við
Kópasker. Höfðum þá háð fund aftan hvern og farið
dagfari og náttfari á sjó og landi, en torleiði mikið
og fjarlægðir furðu-langar. Kom svo, að um 5. dag
háði eg einn fund á Skinnastöðum, því að allir
hinir vóru þá uppgefnir og í valnum lagstir. En
Björn úr Austur-Görðum var þar af hendi nafna
síns. Kom svo Bj. Kr. sjálfur síðasta daginn á
fund í Keldunesi og veitti nafni hans honum
eins konar brautargengi, en Þór í Garði var horfinn
heimleiðis. — Engin ályktun var tekin á
neinum fundi, og allir fóru þeir með okkur
frændum fullkoml. illindalaust og „neutralt"
fram, ef svo m. að orði kv. — Nálega engir töluðu
nema frambjóðendur, sagt svo, að nokkurs sé getandi.
Það, sem felldi mig, var vitanl. ið mikla og ríka
kaupfélags(stjóra)-veldi, sem Þ. hefir í hendi sér.
Hinir 5 vóru ágætir, margir hverir, og óhætir, einkum í
Kelduhv.-, Bstaf., vel hæfir Núpasveit og miklum hl. Þistilfj.:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4, en það dreifði mjög f. mér, að þeir Kjósendur, sem ég hafði umfram ýmsa „Samvinnu“-menn voru þá svokallaðir Sjálfst.-menn, sem ekki gátu, né máttu, hafa samo-vit hinna að Kosningum. Komu þá hvorra-tveggja kraftar að miklu minni notum.

Annars fékk ég hvarvetna inar beztu viðtökur og í sjálfu sér allmikið fylgi að lokum, og aldrei var beitt að mér inn minsta stygðar-yrði, — og var þetta jafnvel „tactic“ þeirra andstæðinga minna, enda gátu þeir trautt annað, þar sem ég fékk á Þórshöfn svohljóðandi símskj. frá Tr.Þ.: „Sauðárkróki 2. júní 1931: B. Sv. Þórshöfn. Samkv. ósk þinni staðfestist að þingflokkur Framsóknarflokksins óskaði þess einhuga, að þú yrðir nú í kjöri af flokksins hálfu í Norður-Þingeyjarsýslu. Tryggvi Þórhallsson.“

En „mátuga að neðan“. Þótt ég væri mjög ánægður með alla fundina, þá má enginn við í leik við „ýmislega þá“, er eldgömlu stæðurnar naga. Væri margt ánægjulegt af þessu að segja, sem oflangt er nú upp að telja.

Hljótt er nú síðan úrslitin spurðust, en „þungt niðri fyrir“ virðist sumum vera. Gömlu „íhaldsmennirnir“ tóku fífli sem jafnan og eyta öllu f. sjálfum sér.

Sumir halda að Ýmis. og undir. fari nú í stjórn, en spádómar þykja ekki að fylgja.

Stendur á mér að skila bréfinu með Leppa.

Beztu kveðjur. — Okkur líður öllum vel.

Skrifa bráðlega.

Blessaður og líði þér sem bezt
þinn gamli Pater.

Hefi ekki tíma til að lesa bréfið yfir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 2. ágúst.

Reykjavík 22. júlí 1931.

Góði Bjarni minn.

Eg þakka þér bréfið, er þú ritaðir mér þegar eftir komu Zeppelins til Berlínar. Hefi eg verið latur og hugkvæmda-lítill að skrifa, enda engi stórtíðindi gerzt um hríð. Hefi eg reynt að láta senda þér blöðin, en fullstrjált kann það að hafa orðið stundum.

Ætla eg þá að hefja máls á því, er sízt má undan fella. Í fyrra dag kom hingað í safnið Eggert Briem dómari og fékk mér fyrirlestra tvo, er fluttir munu verða á lögfræðinga-fundinum í Stokkhólmi og fylgdu með ein tvö eða þrjú blöð um dagskrá o. fl. Setti eg þetta í ábyrgðar-krossband til þín í dag. Ennfr. fylgdi aðgöngumiði þinn að fundinum og set eg hann í umslag um þetta bréf. Bað E. Br. mig að senda þér þetta allt. Í krossbandsbögglinum eru og síðustu blöð og þingskjöl. – Svo ætla eg einnig að senda þér ritaukaskrá Landsbókasafnsins f. síðasta ár og máttu þar sjá þau þýzk tímarit, er hingað koma, (geri eg ráð fyrir) og lagarit þau, er borizt hafa það ár. Hitt er miklu meiri torveldleikum bundið að skýra þér frá, hvað hér er til af lögfræðilegum ritum útlendum, því að engin allsherjarskrá er til prentuð yfir safnið. En spjaldskrá er hér og er fljótlegt að finna þar, hvort eitthvert rit eða verk er þar til eða eigi. En svo margt er til af allskonar lögfræðilegum ritum, merkum og ómerkum, að langan tíma tæki að greina það allt. Ef þú sendir mér skrá yfir þau rit, er þér leikur forvitni á að vita, hvort til sé, þá skal eg tafarlaust leysa úr því öllu. Læt svo nóg um þetta.

Stjórnartíðindin hefi eg ekki handbær í bráð, en man þó vel eftir þeim og skalt þú fá þau áður langt um líður.

Af því að talað er um, að Gestirnir eigi að verða í „högtidsdräkt" í gildum þeim, sem ákveðin eru, viljum við minna þig á kjólföt þín hér, sem senda mætti til Péturs. Segðu til!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

Sveinn fór norður, ég hygg um síðustu mánaðamót. Er nú Bjarni Guðmundsson hans hjálparhella norður þar. Hann kom svo hingað um miðjan dag síðasta laugard. og þeir Þormóður til þess að tala við stjórn og þingmenn, því að síldar-útgerðin er nú alveg að velta út af sakir ins lága verðs á síld og lýsi. Einkasalan hefir – að því er sýnist – helzt borið þann árangur, að Norðmenn og aðrir hafa orðið öruggari um árangur sinnar veiði (: markað fyrir síldina) við það, að einskorðað var hámark íslenzkrar síldveiðar. Auk þess eru nú Danir hér með eitthvað 20 skip undir stjórn Gottfredsens og ætlar hann að veiða það og salta, sem fullnægir þörfum Dana. Finnlendingar hafa og flota úti fyrir Norðurlandi og víst Svíar einnig. Þessir útlendingar standa allir Íslendingum betur að vígi vegna þess, að þeir sleppa hér við öll gjöld og kaupgjald allt miklu lægra, ásamt vistum og veiðarfærum. – Nú, Nú, Sveinn hafði fengið Þormóð á sitt mál, að ekki mætti svo búið standa, og töluðu þeir rækilega við Tryggva og Sigurð og þá fáu þingmenn, sem nasasjón hafa af þessum málum. Var meðal annars rætt um kosning í útflutningsnefnd, eða hvað hún heitir; kýs Alþingi þrjá menn hlutfallskosning. Eru þessir þrír nú: Böðvar Bjarkan, Erlingur og Björn Líndal. Sv. vill hafa Bjarkan áfram, en fá Hafstein Bergþórsson skipstjóra í stað Bjarnar (af hálfu Sjálfstm.), og Þormóður mælir með Sveini í stað Erlings (af hálfu Framsó.) (Jafnaðarmenn koma ekki við sögu). Skildist mér þetta „nokkurnveginn fastráðið“ (contradictio in adjecto) þegar Sveinn fór. Tóku þeir sér far í bifreið héðan kl. 12 á mánudag, náðu háttum á Blönduós og frá Sauðárkróki skaut ~~Ægir~~ Þjörn-Þór þeim til Siglufjarðar. Þangað komu þeir kl. 6 í gærmorgun eftir 18 stunda ferð úr Reykjavík.

Annars er nú fram komið frv. um tilhögun kosninga-nefnd þessa, samhlj. því, er lá f. síðasta Alþingi. Óvíst um afdrif þess.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/ 22. júlí 1931.

þess þóttist Sv. kenna á orðum Tr., að ríkið gæti að því óyndis-úrræði til þess að skirra ennþá meiri vandræðum: að fella krónuna til muna, og mundi það þá varla verða minna en sem svaraði 30 kr. Sterlings-pundið. Að vísu hafði Tr. aðeins tæpt á þessu – en hvað er líklegra? Ull er nú í svo sem engu verði, e. t. v. 50 aurum pundið, eða óseljanleg; kjöt afarlágt (sbr. fleskið danska, sem komið er niður úr öllu venjulegu verði) allsstaðar nema í Reykjavík. Bændur eru því auðsæilega alveg að velta um, ef þessu heldur fram, og geta þessi brögð verið til bóta, í bili, meðan öll vara, sem þeir þurfa að kaupa, hækkar ekki að sama skapi – og vitanlega lækka innanlands-skuldir að verðgildi, um það, sem verðfalli krónunnar nemur. En hvernig verður upplitið á verkalýðnum, ef til þessa kemur?

Með hliðsjón af þessu höfum við sent aura ykkar til Péturs og sjálfsagt væri bezt að reyna að ná út síðara hluta styrks þíns og senda honum. En nú er B. L. farinn til Noregs í skemtiför og Pétur Sigurðsson aðeins nýkominn austan úr sveitum, svo að ég hefi ekki náð tali af honum enn. Geri það einhvern næstu daga.

Þér er nokkuð niðri fyrir vegna kosninga-úrslitanna, góði sonur. Ég ber nú ekki þungan harm um þá hluti, að því er N. Þ. við kemur. En satt er það, að enn vóru þeir „lymsku-drjúgir“ í atferli sínu. Þegar ég athuga það nú á eftir, hve mörg atkv. ég fekk, en á hinn bóginn er litið á mjög miklum aðstöðumun, t. d. vegna búsetu, umráð pósts og síma í héraðinu, atvinnu-aðstöðu B. Kr. og þeirra Kaupfélagsstjóranna, sem þekkja hag og hug hvers einasta manns, svo og langvarandi undirbúning, og mér illkleift að ná til sumra byggðanna (Hólsfjalla, Sléttu og mikils hluta Langaness), þá þykir mér mjög eðlilegt, að þessi yrðu úrslitin. Bezt gæti ég búizt við, að B. treinaðist upp á þingsetu bráðendis, og til þess er og leikurinn gerr, eins og þú hefir séð í hendi þér.

Þingið hefir setið viku og lítið gerst til tíðinda. Þó er nú fram komið stjskrfrv., er víst mun verða fellt. Allþungar ákúrur hefir og stjórnin fengið og lítt fræðileg framkoma fjármálaráðh. við framsögu fjárlagafrv. – Út yfir tók þegar hann hreyfði því, að varla þyrfti að fresta 1. umr. fjárlaganna! Slíkum ódæmum

Ég er nú hraustastur nú. Og tala margir um, hvað ég „líti vel út“, eins og þeir komast að orði. Öll erum við vel frísk. Halldór er í Englandi.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefir aldrei verið hreyft á þingi fyrr um fjárlagafrv.-meðferð. Að vísu datt þetta niður, en enginn hafði varið að þessu ger og ekki hafði „Moggi“ meira við en svo, að ekki sást, hver afdrifin hefði orðið um þetta atriði! og er hann víst ekki farinn að fræða lesendur sína um það enn! Honum hefir víst fundist þetta lítils skifta.

Nú eru þegar fram komin tvö frv. um rýmkun dragnótaveiða í landhelgi, annað frá Vilmundi og Haraldi (samhlj. því í vetur), hitt frá Jóhanni í Eyjum. Er það undarleg blindni, að sjá ekki að þetta er að mestu í hag Dönum, því að Íslendingar kunna ekki þessa veiðiaðferð og eru óviðbúnir. Danir hafa upprætt kolann heima fyrir og gera vafalaust sömu skil hér, áður en Íslendingar fara að veita að nokkrum mun. — Ég fékk frv. Haralds fellt þegar frá 2. umr. (o: við 1. umr.) á síðasta þingi með 17 atkv. gegn 7! Nú hugsa þeir sér heldur en ekki til hreyfings, blessaðir, þegar við Sigurður erum farnir af þingi.

Ekki bólar enn á „fimtardómnum“ og talið vafasamt, að hann gægist upp í þetta sinn. Meiri líkur að „Amma gamla“ fari aftur á Þingvelli.

Allmikill rammdoðáttur er nú sagður í Framsókn um stjórnarmyndun. J.J. vill víst ólmur verða forsætisráðh., en því verður líkl. afstýrt. Sagt, að frændkona vor sé mjög reið við frú Tryggva, af því að hún hafi snúist og gengið í sig og vilji nú að Tr. sitji sem fastast í efsta sæti. Hafa þeir og talið rétt, sumir, að Tr. segði af sér fyrst, svo að „allir“ stæði jafnt að vígi gagnvart konungi um stjórnarmyndun. Þeir nýju menn fimm eru allir J.J.-menn, nema Bergur einna sízt. Undir Jónas „vitanlega“ ákafastur, hinir þrír ekki beint áfjáðir, en þó á þeirri sveif, enda sagt, að „þjóðin“ krefjist þess, að fá J.J. — allt tóm blekking og lygar. Jón í Stóradal, Ásgeir, Bernharð, Lárus, Bjarni o. fl. eru andvígir honum megnið og svo ýmsir vikaliðar og duglausir eins og gengur. Er víst allt óútkljáð enn. Helzt ætlað, að Tr. verði að taka J.J. og haf svo Sigurð áfram fyrst um sinn, því að Einar langar ekki að fjársjóðunum aftur. Þetta greiðist víst næstu dagana.

Ég sýndi Magnúsi guðfr.-professor ritgerð þína. Þótti honum hún helzt til „juridisk“. Sagði, að útvarpsreglurnar væru alls ekki bindandi fyrir neinn, heldur aðeins samkomulag, meðan enginn hefði á móti, eins og þegar þm. koma sér t. d. saman um að láta mál ganga umræðulaust til næstu umræðu. Nú eru komnar út nýjar reglur fyrir þetta þing. Veit ég ekki, hvernig þær eru komnar. Annars er hér um mesti harmur að blaðaleysi, eins og fyrri, svo að flest rangindi, heimska og ósvífni getur vaðið uppi, eins og ekkert sé.

Skipið er farið að fljóta. Ég verð

4 að slá botninn í, en skal halda áfram bráðlega. Bréfið er ekki lesið yfir og því víst með villum og úrfellingum. Blessaður og sæll. Allir senda beztu kveðjur. Þinn gamli pater.

Skrifa 28. sept. '31.

Reykjavík, 16. sept. 1931.

Góði Bjarni minn.

Ég fékk nýlega bréfspjald frá þér, dagsett í Ehrenbreitstein 28. ágúst. Þótti mér gaman að fá þessa kveðju og þakka ég þér fyrir. – Þegar ég sé nú dagsetning þessa, 28. ág., man ég eftir því, að einu sinni þegar ég var heima kom svo mikil hríð aðfaranótt 28. ágúst, að alsnjóa var niðr í sjó og var fullt af rjúpum í Húsavíkur-fjalli. Fóru allir að skjóta um morguninn, sem vettlingi gátu valdið (eða nákvæmara: sem kunnu að „fara með byssu") og skaut ég 12 fyrir hádegi, en síðdegis fór Stefán Klemenzson vinnumaður með mér og fengum við þá 19, að mig minnir. Daginn eftir var snjórinn horfinn að mestu. – Heitara hefir verið í sumar nyrðra í ágústmánuði, því að þá voru stundum um 30 stig á Celsius norður þar. – Veðrátta hefir verið óvenju-góð um allt land síðan í júní, einkum síðara hluta júlí, allan ágústmánuð og til þessa. Var víða síðsprottið, en nýting heyja in bezta. Segjast menn varla muna svo sólríkt sumar hér um slóðir. Nú hefir rignt öðru hverju, helzt um nætur, en hlýtt er í veðri og ekki hefir gránað í fjöll. (Aftur var svo kalt nyrðra frá páskum og fram um 12. júní, að einar 10 nætur komu frostlausar þann tíma í Öxarfirði, að því er Friðrik í Efri-Hólum sagði). Spretta í görðum góð, jarðepli víst með bezta móti, hvítkálshausar hafa orðið hér í garðinum eins stórir og útlendir. Hefir ræzt mjög annan veg úr um heyafla og garðrækt, en horfur voru á framan af sumri. – Nú er Sveinn kominn heim fyrir nokkru. Lætur hann illa yfir útgerðinni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í sumar nyrðra. Hefir flest haldizt í hendur til þess að knekkja útveginum. Óstjórnin við einkasöluna sóm við sig. Saltið t.d. sumt siskið og síldin því hálfónýt, sbr. t.d. Morgunbl. í dag. – Bankarnir svo knappir með fé, að þeir ráðsmenn síldarbræðslunnar fengu með hörkubrögðum loforð í „kjötbankanum" fyrir 5000 (!) krónum til þess að greiða útgerðarmönnum upp í andvirði bræðslusíldarinnar. Hafði að vísu áður fengið eitthvað viðlíka mikið eða heldur meira. Þetta er "víst mjög „kristileg" útdeiling, sbr. silungana í Getsemane-vatni, sem forðum söddu 5000 manna, en hvort þessar 5000 kr. verða allri síldar-bræðslu-útgerðinni jafn-notadrjúgar, skal ósagt látið. – Annars er nú þessum útvegi komið á kaldan klaka, og má það hafa verið tilætlunin, eða svo virðist sumt mannavalið helzt hafa bent til: Einar Ol., Erlingur af Sandi, Steinþór eyrnatogari og slíkir. Ég ætla að herða á Sveini að skrifa þér eitthvað um þetta, því að hann þekkir það út í hörgul.

Meðan ég man er bezt að minnast á smá-erindi. Ég þekk stjórnarskrá, stjórnarskipunar lög og þingsköp þau, sem þú baðst um og sendi þér fyrir nokkrum dögum. Ef þú færð ekki þessa ritlinga, þá segðu mér til, því að ég á annað eintak af þeim, sem þú getur þá fengið. Bókaskráin var áður send. Með fötum þínum var sent allmikið af blöðum ásamt þingskjölum og geri ég ráð fyrir, að Pétur sendi þér þessar bókmentir, hvað sem skrúðanum líður. Ef þig vantar eitthvað, t.d. lög og tillögur síðasta þings, þá mun ég greiðlega geta sent þér það. Yfir höfuð" þá þarftu ekki að hlífast við að biðja um blöð eða bækur héðan, því at það er hægast að afla þeirra og senda þér.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. 16. sept. 1931.

Ég hefi víst ekki sagt þér neitt frá ferðalögum okkar í sumar, þegar sleppt er norðurför minni, enda er þar fátt af að segja. Skal ég þó drepa á það: Við fórum með Árna „póetu" úr Húsavík, til Þingvalla í júlímán. og allt upp að Sleða-ási við Ármannsfell. Í ágúst bauð Einar kaupmaður mér og móður þinni ásamt Jóni Kristjánssyni nuddlækni austur að Hvammi. Var okkur vel tekið. Var gott veður austur, en rigning daginn eftir. Vórum nótt í Hvammi. Gerðist ekki til tíðinda. Skoðuðum bú Sigurðar Drafla við Varmá (að Reykjum) í Ölfusi og komum til Hoyers í Hveradölum skammt frá Kolviðarhóli. Eru gróðurhús með glerþaki á báðum þessum stöðum og mikil rækt blóma, tómata og ýmissa annara jurta. — Skömmu síðar fór móðir þín austur að Gunnarsholti á kvennasamkomu; flutti þar höfuðræðuna og þótti vel takast. Sagði Einar á Geldingalæk, að hún hefði farið hina mestu sæmdarför. — Þá fór ég inn í Kjós síðla ágústmánaðar til veiða í Laxá. Var þar 5 nætur, fyrst eina á Möðruvöllum, síðan tvær í húsi Copelands, sem Útvegsbankinn er nú eigandi að, og loks tvær nætur í sumarbústað Zimsens (Jes.), sem bankinn hefir einnig tekið og var Jón Ólafsson þar húsráðandi og frú hans. Var ég að nokkru einsetu-maður í þessari ferð, sauð silung í mundlaug úr blikki o. s. frv. Veiddi einn stóran lax og nokkra sjóbirtinga. Var nokkuð gaman að ferð þessari, en sárfættur varð ég af miklu göngulagi. Var lax nógur í ánni, en all-tregur að bíta.

Hér hefir annars verið tíðindalítið og allt með „kyrrum kjörum", líkt og í Hilleröd. Þingið hætti eftir sex-vikna setu; þótti harðla dauft og nauða-ómerkilegt. Forseti Ed. dæmdi nú gild lög, er samþykkt vóru með sama hætti, sem frv. er hann dæmdi fallið fyrir tveimur árum. (7 gegn 6, einn greiddi ekki atkv. — en sá var þó munurinn, að Erlingur vildi daginn eftir greiða atkv. með meiri hlutanum um árið, <u>áður</u> en forseti hafði kveðið upp úrskurðinn,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en, nú vildi Jón Bald. alls ekki greiða atkv. — Ég hefði í hvort-tveggja sinn talið frv. samþykt, þrátt fyrir eitt sérstakt ákvæði þingskapa, sem leggja má eins og forseti gerði um árið. — þá vóru Yfirsetukvenna-lögin fyrir, sem hann var andvígur, nú fjáraukalög og landreikningar, sem hann fylgdi). Þingmenn „gufuðu upp" þegjandi og hljóða-laust strax úr þinglausnum. Tryggvi sigldi bráðlega á konungsfund og Jónas nokkru síðar. Hefir ekki til þeirra spurzt. — Áreiðanlega hafði Jónas nú miklu meiri andstöðu en áður innan flokksins, en á hinn bóginn hafði hann eflst að nýliðum, þar sem þeir fimm vóru, er hann eignaðist við kosningarnar.

Horfur hér virðast* verri en áður um afkomu atvinnuvega. Bankarnir nokkurn-veginn þurrausnir, atvinnuleysi verkalýðs o.s. frv. — Skynsamlegar greinir hafa komið „aldrei þessu vant" — í Alþbl. eftir einhvern Þjóðverja um „ráðlag" Íslendinga, arðlaust framfarabrölt og skuldasöfnun erlendis, og í Mbl. um fjárkreppu Englands, ennfr. í „Lesbókinni" um „atvinnuleysis styrki" og aðra jafnaðarmensku eftir Gustav Cassel. Er því líkast, sem örlítið rofi fyrir skynsamlegu viti. En í „Tímanum" er allt við sama og boðar JJ. nýja skattalöggjöf, sbr. frv. þeirra Undir-Jónasar og Steingríms á Hólum. Má e.t.v. bjarga einhverju(m) svo sem eitt ár enn, með því að rýja alveg það, sem eftir er af reytum þeirra einstaklinga, sem bera uppi útveg og verzlun landsins. — Út í þetta nenni ég ekki að fara frekara.

Ég hefi áður drepið á yfirvofandi verðfall krónunnar. Nú er aftur farið að dylgja um það í allra-helgustu skúmaskotum stjórnarinnar að kr. muni falla í haust, víst í næsta mánuði (eins og Ó.G. Eyj. sagði strax í vor), e.t.v. niðrí 50 aur úr 82, sem hún mun standa í nú. Magn. Sig. tók þessu þó mjög fjarri á dögunum, er ég drap á það við hann, en hann gat varla annað.

Dr. Helgi er kominn, en ekki hefi ég hitt hann. Þó hafi sagnir um þig eftir honum, hvað sem honum kann að hafa búið í hug. Sveinbjörn gamli skáld er dáinn. Árni orðinn professor. Á safninu er „status quo" þótt hann fari. Óvíst, hvort nokkur kemur í staðinn, en þá einnig óákveðið, hvort hafa verður opið í vetur eftir kl. 8. — Ráðuneytið er hér í bænum enn og skiðar Grænlands-málið. Ég hefi ekki tækifæri að minnast á það nú. Læt svo hér við nema að sinni.

* Ókannað þó, því að ég hefi alls ekki gaman af því að hlusta til á þetta af Rúnar-Jónasar-þingmanna hálfu. — [left margin, vertical; partly uncertain]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 18. okt.

Reykjavík, þrd. 6. okt. 1931.

Góði Bjarni minn.

Bréfspjald fékk ég frá þér nýlega og kann þér þakkir fyrir. Hefi ég nú víst ekki hripað þér neitt síðan á dögunum, er ég sendi þér stjórnarskrárnar og þingsköpin. Er það nú svo, að hér gerast næsta litlir atburðir einstakir, er frásagna sé verðir, en straumur tímans því athugaverðari og ískyggilegri. Er þar fyrst að nefna verðsveiflurnar nýju, sem stafa af vandræðum Breta, en þau aftur afleiðing margra fyrri atvika og synda, bæði Breta og annara, en þó vafalaust langmest Frakka (og Þjóðverja?). – Um það er óþarft að ræða. Eftir allmiklar bollaleggingar fjármálaspekinga vorra, varð það úr í bili, að láta ísl. krónuna fylgja enska pundinu – niður á við og hefir það verið haldið síðan, en mjög eru menn efablandnir um, að krónan tölti jafn-greiðlega með pundinu upp á við, þegar þar að kemur, að það hækkar. Vörur eru þegar teknar að hækka hér dálítið í verði, sem von er, og hækka vafalaust betur, þegar nýjar byrgðir koma.

Á hinn bóginn er sívaxandi atvinnuleysi einkum hér í Reykjavík og yfirhöfuð við sjávarsíðuna. Útgerðin ber sig nú alls ekki og eru (flest-)allir á hausnum. Býst ég við, að Sveinn skrifi þér betur um þetta, eða að minsta kosti er ég að hotta á hann að gera það. Þá mun landbúnaður kominn í öngþveiti sakir verðfalls á búsafurðum, en heyskapur varð inn bezti um allt land og nýting heyja ágæt. Veðrátta hefir verið in hagstæðasta síðan um miðjan júnímánuð. Er þetta mikil bót í máli.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú er þó tekið að verða nokkuð haustlegt, úrhellis-rigning öðru hverju síðustu daga, en hlýtt í veðri. Fyrsti snjór kom í Esju að kveldi 1. þ.m., en nú er hann að mestu horfinn aftur.
Allir skólar eru nú að byrja og afar-mikill grúi óþekkra manna og unglinga kominn í bæinn.

Hér við Skólavörðu~~vörðu~~-stíg eru nú að gerast breytingar, sem brátt munu verða afdrifaríkir. Nefni ég fyrst til, að verið er að reisa stórhýsi á lóð „Geysis" meðfram Skólavst og Bergst. str. Hefir varla verið fært niður stíginn langalengi sakir sandhauga, grjótbyngja og timburhlaða. Jafnframt hefir Bergst.str. verið lækkað og breikkað í mynninu við Skólavörðust og nokkuð suður fyrir Berg og síðan MacAdamiserað allt suður á móts við Hallveigarstíg. Hefir vegurinn mest lækkað um allt að einum meter. Verður það nú miklu viðkunnanlegra en áður. – Svo hefir verið sett undirstaða úr graníti frá Vesturheimi, fast við Skólavörðuna, fyrir miðjum stígnum. Er það stöpull undir líkneski Leifs Eiríkssonar. Stöplinum svipar til stafns á skipi og horfir stefnið beint eftir Skólavörðustíg. Að ofanverðu ganga þykkir kinnungar frá stefninu báðum megin, svo sem þrjár álnir hvorum megin (úr graníti), en á stefnið innanvert, sem likl. er meter á breidd, er letrað á ensku
Leifr Eiricsson | Son of Iceland | Discowerer of Vinland
og síðan sagt að þjóðin í Ameríku hafi gefið styttuna til minningar um 1000 ára aldur alþingis. – Styttan sjálf kemur ekki til landsins fyrr en í vor. Verður það mikil prýði, frægð og vegsemd fyrir „stíginn", er þetta mikla minnismerki er upp sett, og mun hann njóta góðs af og verða gerðar á honum langþráðar umbætur.
(Enda ætlar Einar kaupm. Eyjólfsson að skrifa grein um umbætur á stígnum)

Skólavarðan verður rifin í vetur eða að vori.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/ 6. okt. 1931.

Minni bæjarbót er að því, að nú hefir bæjarstjórn látið taka Albert Þorvaldsson af Austurvelli og flutt hann suður fyrir Söngskóla við Tjarnarenda. Svo eru þeir í dag að stinga Jón Sigurðsson af stóli og á hann að koma á Austurvöll, en Hannes Hafstein kemur í hans stað. Er þetta mesta fásinna, því að þeir J.S. og Kr. IX. áttu einmitt að standa saman. J.S. er að halda ræðu um landsréttindin, en hinum-megin er inn brjóslegni, erlendi valdhafi að rétta fram stjórnarskrána, sem J.S. (þ.e. íslenzka þjóðin) hefir knúið hann til með staðfestu og nauðung. Stæðu þessar styttur er því „symból" eða tákn um baráttu og árangur hennar — merkilegan atburð í sögu vorri. Páll Eggert hafði mælt gegn þessu í bæjarstjórn, en mátti sín einskis fyrir heimastjórnar-mögnunum" með Knút inn danska í broddi fylkingar. — Sveinn bróðir þinn er mjög reiður þessum athöfnum.

Þórarinn, sonur Ben. S. Þór., er nú í kveld að fara héðan á „Goðafossi" áleiðis til Þýzkalands og sendum við með honum ~~eitt~~ hefti nýútkomið af Stjórnartíðindum (þau eru reyndar fjögur, og svo einar eða tvær merkisbækur aðrar). En blessaður, láttu okkur vita, ef þig vantar eitthvað, sem þér þætti betra að fá.

Bjarni Guðmundsson hefir sótt ~~um~~ til „mennamálaráðs" (svo minnir mig að það heiti), um styrk til þess að ganga á blaðamannaskóla í Berlín. Sýndi hann mér afrit umsóknarinnar. Veit eg ekki neitt um þörfur þessarar málaleitanar; segir þó lítt hugur um.

Rútur fer víst að fara innan skamms. Er enn að kynna sér Grænlandsmálið, og líst betur á málstað Íslands, heldur en þér. En eg fer ekki út í það mál að sinni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lítið hefir frétzt af ráðgjafarnefndinni, utan það, að Íslendingar einir hafi þar átt forumkvæði mála þeirra, er rædd voru. Er auðséð, hvernig Danir hafa kennt þeim að koma fram í „O-nefndinni". – Eru „landar" nú að mjálma upp á Dani að biðja þá um nýtt strandvarnaskip í stað Fyllu. – Kemur þetta ljómandi vel heim við fregn þá, er „Dagens Nyheder" flutti í júní s.l. um síldveiðar Dana við Ísland í sumar. Sögðu þeir þar, að floti Gottfredsens ætti að veiða síld sem Dönum nægði og hefði hann til þess ærinn skipakost. Svo ætti varðskipið Fylla að verða flota þessum til stuðnings til þess að afstýra þrefi, er fram kynni að koma vegna óaðkvæmra mælinga ísl. varðskipanna gagnvart þessum skipum ef þau væri nálægt landhelgislínu. – „Fylla" á því, samkvæmt þessu, að hafa alveg sama hlutverk hér við land sem þýzku og ensku varðskipin, sem nú starfa hér og eiga að starfa enn meir framvegis til þess „að gæta réttinda" sinna eigin skipa gagnvart varðskipum Íslendinga!! Laglega af stað farið, að láta Dani hafa sig svona í vasanum. Skyldi Dönum hafa verið dírlát, þegar þeir höfðu fengið Íslendingana til þess að grátbæna sig um þetta? Einar Arnórsson átti að vera eina reipið í nefndinni, en honum er aldrei treystandi, nema hann hafi öfluga menn, sér betri, til annarar handar.

Dragnótaveiði er all-almenn í landhelgi haustmánuðina (eins og lög heimila). Afli þó nokkur fyrst, meðan verið er að uppræta kolann alveg (sem mun verða á svo sem 3–5 árum). Óvíst þó, að veiðar þessar svari kostnaði jafnvel í svip.

Max Pemberton er hættur öllum veiðum, sakir tjóns á rekstri síðara hluta ársins.

Móðir þín og systkin senda bestu kveðjur. Enginn skrifar, nema ég, því að nú er skóla-fargamið byrjað.

Gangi þér nú allt að óskum – Þinn Pater

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, sunnudaginn fyrstan í vetri, 25. októberm. 1931.

Góði Bjarni.

Nú um hríð hefir verið hávaldast um „Borgarmálið“. Muntu hafa fengið blöð héðan, sem segja frá því. Hafa nú verið rannsóknir nokkra daga um ólögfilega vínsölu á „Borg“. Mun þeim nú að mestu eða öllu lokið, eftir því, sem Finnur Sigmundsson sagði í gærkveldi. Hann er skrásetjari við Landsbókasafnið, en hefir verið ritari rannsóknardómarans síðustu dagana. Er sannað og játað, að Borgarhjónin hafa bæði staðið að „sölunni“. — Jónas hnakkrífst og skammast í „Tímanum“ á sína gömlu vísu, skellir allri skuldinni á „íhaldsmenn“ o.s.frv. Hefi eg reyndar ekki hirt um að lesa síðasta blað, en heyrt frá því sagt og veit, hvernig ritsmíðin er, því að fyrri-hlutann sá eg og síðari hlutinn talinn ennþá betur „ekta“.

Hér er nú, þrátt fyrir þetta, allt með kyrrum kjörum. Veðrið er milt og stillt. Aðeins þrír „mildir“ frostdagar hafa komið, en þá logn og hreinviðri. Esjan alauð, en Skarðsheiði með gráum kögri. Rigningar helzt um nætur. Engin stórviðri. — Eins er manna á meðal, að furðu-lítið umrót virðist í hugum manna, þótt tíðindi sé að gerast, sem í annan tíma hefði þótt mikilvæg: gengis=breytingar og nú síðast „aðflutningshöft“ sem á styrjaldartímum. Sagt er, að mikið sé til af allskonar „óþarfavörum“ víða í landinu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og komi því ekki að sök, þótt ekki sé við bætt fyrst um sinn. Annars hefir innflutningur slíkrar vöru allmjög þorrið af sjálfu sér. Er því vant að segja, að hverju gagni þessar ráðstafanir komi. En hætt er við, að þær valdi verðhækkun, þótt stjórnin muni reyna að setja skorður við því.

Ekki þarf ég að segja þér erlend tíðindi, en miklum tíðindum þykir ~~sæta~~ um einveldisráðstafanir Hindenburgs, Manchurí-deiluna og nú loks frétt þá, er blöðin fluttu í morgun um ummæli Borah við „United Press" út af Versala-samningunum og „ófriðar-skuldunum". Væri betur, að nú færi að „þjóna til batnaðar".

— — Unglingspiltur, Eggert sonur Ingvars Ísdals, hefir farið heldur ógiftusamlega að ráði sínu: Náð í vor sparisjóðsbók frá kerlingu vestur í bæ og sópað um 10000 í vasa sinn, öllu fé bókarinnar. Hafði svo siglt og eytt fénu, en kom nýlega heim aftur og komst þá allt upp. Ætlaði gamla konan að fá sér aura úr bókinni, en greip í tómt. Grunaði hún þegar strákinn, því að hann hafði verið þar heimagangur. Var hann tekinn og meðgekk.

Rútur bíður eftir því að komast utan á botnvörpuskipi, helzt til Þýzkalands. Getur hann því farið fyrr en varir. Hann kemur nokkuð oft í safnið. Mun hann ætla suður í Sviss.

Eg sendi þér aftur um daginn bókaskrána. Svo mun ég og næstu daga senda þér árbók þingmanna-sambands Norðurlanda f. 1930, sem er alveg nýkomin út. Nýjustu blöð verða þér einnig send ið fyrsta.

Hólmgrímur fór í prestaskólann, Björn Jakobsson kennir að Laugarvatni, Jón Sivertsen gugnaði í verzlunarskóla-deilunni. Beztu kveðjur frá ættingjunum.

Líði þér vel. Þinn Pater.

Sveini og kaflanum Bergsson voru kosnir hér gagnsóknarlaust af hálfu sunnlenskra útgerðarmanna í kjörnefnd framkvæmdanefndar, ið eldri í kaupst. Sveinn býst við að best[illegible] notuð á þjóðfund. [illegible] 57. [illegible]

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 30. nóv.

Reykjavík, 11. nóv. 1931.

Góði Bjarni minn.

Síðasta bréf þitt fékk ég fyrir svo sem hálfum mánuði. Hafðir þú þá fengið ritaukaskrána og rit stjórnarinnar. Skrána hafði ég sent aftur, og getur þú þá gefið annað eintakið einhverjum „bókavini". Fyrir viku sendi ég þér nýkomna bók um Norður-landa-þing„manna"fundinn, sem hér var í fyrra. Hefi ég ekkert lesið í ritinu og get því ekki um það dæmt, en gerði ráð fyrir, að þú hefðir gaman að sjá það. Ekki hefir borizt hingað rit um Stokkhólmsfundinn, en þér skal verða sent það tafarlaust ef það kemur.

Veðráttan er einatt góð. Krapahríð gerði eina nótt síðast í október og slyddufjúk daginn eftir; varð þá krap-elgur á götum; fengu ýmsir kvef lítils háttar. Þá varð ófært bifreiðum um Hellisheiði meira hlut dags. Síðan hafa oft verið stillur og hreinviðri. Dálítill froskkali suma daga, en aldrei hefir komið héla á glugga. Fjöll eru nú hvít niður fyrir miðjar hlíðir. Kaldara hefir verið norðan-lands og stundum komið norðan-„garðar", er lítt hefir orðið vart hér syðra.

Nú hefir verið kyrrt og tíðindalaust um hríð, síðan dómar féllu í Borgar-málum og Skjaldbreiðar. Hefi ég engu við það að bæta, er í blöðum segir.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um „prýðju" vígslu skólahússins í Reykjaholti þarf eg eigi að ræða, né um afskráning skipshafnar Fjörn-Þórs. Er nú sagt, að allar kerlingar sé snúnar í bili á móti Jónasi, þær sem vandamenn höfðu átt á skipinu. Hér með er og brott kippt þeirri hjálparhönd, sem alþýðu Reykjavíkur var rétt til afnáms „dýrtíðar" með innum ódýra „Þórs-fiski"!

Nú mun nýja talsímastöðin bráðum taka til starfa, sú in sjálf-virka. Hefir verið í þagnargildi, hvað símagjöld yrði, þangað til það hefir „síast" út síðustu daga, að stofngjald sé 100 kr., árgjald 100 kr. og fylgja því 400 samtöl (= 25 aura hvert samtal), en síðan 5 aura gjald fyrir það, sem eftir er. Eru þetta miklu verri kjör, heldur en Gísli heitinn Ólafsson hafði til ætlazt. Sjálfsagt undan rifjum JJ. með sjálfskyldu-samþykki Guðmundar Hlíðdals. „Mbl." ræðir um þetta í morgun; hafði frétt það fyrst í gær. Má gera ráð fyrir, að okur þetta mæti nokkurri mótspyrnu, þegar almenningur athugar, hvað hér er í efni.

Svo sem þér er kunnugt settu hreppar „suður með sjó" fullkomið bann gegn dragnótaveiði í landhelgi árið um kring á ákveðnu svæði fyrir Garði og allt inn á Strönd, með staðf. stjórnarráðs, samkv. heimild í eldri dragnótalögum, sem einnig var tekin upp í lögin 1928. – Nú hljóp kolagræðgi í Keflvíkinga, skeyttu þeir engu um lögin og fiskuðu í landhelgi fyrir Garði. Garðmenn kærðu eitthv. 14 báta, en bátaeigendur fóru til stjórnarinnar, þóttust engar sektir geta greitt, nema afhenda bátana. Var svo nýlega haldinn fundur í Garð. (fremur en Keflavík). Rifrildi mikið. JJ.

3 11. okt. 1931.

fór á fundinn (en ekki atvinnumálaráðherra) og miðlaði málum, mest á bak við tjöldin. Er sagt, að Garðmenn hafi fengið viðurkennda, af Keflvíkingum! landhelgi fyrir sínu landi, eða nokkru af því, gegn því, að bátar úr Keflavík, þeir er sekir voru, greiddi þeim í kyrrþei skaðabætur (að sögn 10 000 kr.), er skifta skuli meðal útgerðarmanna og sjómanna í Garði! – Er þá af ríkisstjórninni haft að fordæmi samnings-mál Jóns frá Blómsturvöllum í fyrra, er hann „samdi" við þá suður þar um skaðabætur fyrir landhelgisbrot eins af botnvörpungum „Alliance". Ekki tókst þó Jóni að ná samningi um „færslu landhelgis-línunnar", svo frétt hafi. Hefir stjórnin, að vonum, átt meira undir sér! – Sennilega er þetta gert „upp á væntanlegt samþykki" hveppa þeirra, sem hlut eiga að máli, með nýrri stjórnarstaðfesting. En meðan hvorugt er fyrir hendi, er hér víst um frekasta lagabrot að ræða, – eitt af þessum handa-hófs-ráðstöfunum utan við lög og rétt og beint í bága við hvorttveggja.
Jj hafði verið mjög mjúkur á manninn og lét mjög í ljós undrun sína í Keflavík á því, hve þetta byggðarlag hefði orðið útundan hingað til! Er mælt, að hann hafi lofað þeim hafnarbótum svo fljótt, sem verða mætti! – Er þetta undirróður gegn Ólafi Thors. – Svona er Jj vakinn og sofinn.
Sveinn fór um daginn norður, snöggva ferð. Er nú mjög sundur gengið með þeim Þormóði og hefir og beðið hann að skrifa þér það mál. Á hann og í brösum við stjórn einkasölunnar nyrðra. Óskar skrifaði allgóða grein nýlega: Mbl. um

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/

síldarsölunni; hafa útgerðarmenn fengið tvær kr.! fyrir tunnu síldarinnar. Býst Óskar ekki við meira. En Sveinn segir, að salan hafi tekizt svo, að síldin muni rétt aðeins hrökkva fyrir ílátum, salti, verkun, flutningi og öðrum kostnaði, að frádregnu „hráefni", síldinni sjálfri, — og samkv. því ætti „framleiðendur", útgm. og sjóm., að endurgreiða einkasölunni þessar tvær krónur á tunnu! Hefir þá „líklega nokkurnveginn" tekizt að koma þessum atvinnuveg fyrir ætternis-stapa.

Nú á að verða fulltrúa-fundur um næstu mánaðamót, 14 fulltrúa af hálfu útgerðarmanna og verkamanna um síldar-einkasöluna. Býst Sv. við, að þá slitni alveg upp úr. Vitanlega er óþarft að ræða um framhald á nú-verandi „skipulagi".

Vörur hafa ekki hækkað enn vegna haftanna, en hljóta að hækka nema því að eins, að undanþágur verði miklar. En þar sem verð innlendrar vöru er nauðalágt, þá er ekki annað sýnna, en allt komist í fullkomið öngþveiti á næsta ári, bæði um hag atvinnuvega og ríkisins.

Rútur er nýlega farinn, líkl. með togaranum Gylfa til Þýzkalands.

Systur þínar senda þér kveðju. Komu þær heim hróðugar í gær, því að Hallgrímur Jónsson kennari lét „bekkinn" skrifa upp 9 orð og kvað þann „sigurvegara", sem gerði allt rétt. Höfðu þær einar fengið 9, aðrar tvær 8 og svo niður á við stig af stigi í eitt ~~eitt~~ einn. Sagði þá „kennarinn", að þær væri báðar „sigurvegarar".

Móðir þín fékk bréf þitt í gærmorgun, en frá Pétri á afmælisdaginn. Var hvorttveggja til fagnaðar.

Ég skrifa Pétri ekki í þetta sinn.

Með beztu kveðjum.

þinn Pater.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Endursendist bráðlega.
Ekkert að frétta.
Bestu kveðjur
Bj. Ben.

Reykjavík, 2. des. 1931.

Góði Bjarni minn.

Fyrir skömmu fekk eg bréf frá ykkur Pétri báðum samstundis. Skrifaði eg Pétri þá litlu síðar, en lét þig sitja á hakanum, því áður var lengra um liðið, síðan eg hafði sent honum línu. Þakka eg þér nú ið bezta bréf þetta og jafnframt önnur tvö; ið fyrra til Ragnhildar, hitt, nýkomið, til Sveins.

Nú hefir verið hvítt af snjó hálfa aðra viku. Tók þó að mestu snjó af götunum fyrir helgina, en síðan hefir drifið yfir mjöll að nýju. Veður þó mild og stillt. Í dag heiðskírt og blæjalogn (fyrir hádegi). Enginn snjór til fyrirstöðu á Hellisheiði né Mosfellsheiði.

Eg drap á í síðasta bréfi til Péturs orðasveim þann, er þá var upp kominn um bannlagabrot Björns Björnssonar, en vissi þá ekki, hvort nokkurt mark væri á takandi, því að mörgu er logið. En orðasveimur þessi varð brátt að fullri vissu. Er gerst sagt frá þessu nýja máli í Alþbl., því að Mbl. verður nú fegið að segja sem fæst, þar sem venzlamenn annars ritstjórans eiga hlut að máli. Vísa eg til blaðanna, en skal þó drepa á atburði þessa nokkurum orðum.

Það komst upp, að pantað hafði verið vín, líklega allmikið, undir nafni frakkneska konsúlsins og hafði Ísleifur Briem, ritari konsa, verið þar að verki. Hann var þegar farinn til útlanda, áður þetta kæmist við veðri almennt. Segja sumir, að hann hafi „ætlað ofan hvort sem var". Hefir þessi þáttur málsins því lítt orðið upplýstur enn. Sagt var þegar, að BB. væri mjög við málið riðinn, enda hefir hann verið mjög handgenginn ræðismönnum Frakka og jafnvel gegnt störfum þeirra stundum í viðlögum. B.B. er einhver almesti „snob" og höfðingja-sleikja. Varð hann nú svo felmtri gripinn, að hann bauðst að gefa skýrslu lögreglunni; fekk Harald kaupm.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bróður sinn með sér „á kontórinn" til trausts og halds. Sagði B. þar söguna um vínpöntun þeirra af frakkneska herskipinu, frá Kh. s.l. vor. Hvað hann þá sending hafa verið 62 kassa. Hefði hann sjálfur fengið „15 eða 16" kassa af þeim. Hitt hefði Frakkar tekið. Ætlaði B. með þessu að gera nokkurs konar „gagn-áhlaup" gegn frekari grun og ákærum, enda var hann frí og frjáls eftir þessa „játning". En veitingaleyfi var hann sviftur af boði dómsmálaráðherra (sem þá var í ferðalagi). Síðan hafa réttarhöld staðið öðru hverju, og á laugardagskveld játaði Björn, að hann hefði fengið 47 kassa. Hafa það þá verið „15", sem Frakkarnir tóku og tölurnar skolast til, sem oft vill verða. Hefir hann afhent lögreglunni eitthvað lítið eitt af eftirstöðvunum, en kveðst annars hafa ekið í sjóinn sumu, af hræðslu er hafi gripið sig þegar málið komst upp. – Þá var framið mjög ólíkindalegt „innbrot" í bústað Björns við Skerjafjörð. Sagði Mbl. frá þessu og Alþbl. drap á það. Lang-sennilegast þykir nú, að „innbrot" þetta hafi verið gert til þess að koma þaðan birgðum, áður leitað væri. Hlýtur þetta að komast upp, ef gangskör er ger til rannsóknar. – Bifreiðarstjóri bar það, að hann hefði flutt allmarga kassa að húsi Ísleifs til geymslu í kjallara S. Br. póstmeistara og þar hafa nú fundizt einhverjar eftirstöðvar, en foreldrar Ísleifs voru utanlands, þegar flutningar þessi fór fram. – Sagt er, að Jóh. á Borg hafi verið við þetta allt riðinn að einhverju leyti og Haraldur Árnason kaupm. En annars er lítið meira upplýst, svo að kunnugt sé, en það, sem hér er sagt.

Svo var nú Höskuldur tekinn á Hotel Heklu og hafði þá eina til þrjár flöskur í herberginu af „nafna" sínum, en þrætir og er hér í varðhaldi. Símað var í M.T. að gera húsrannsókn á heimili Höskulds í Saurbæ í Villingaholtshreppi og er all-hlægileg frásögn um það í Mbl. í gærmorgun. – Í gærkveldi kom hér austanmaður skilríkur. Sagði hann, að kona Höskulds hefði verið hér með honum og brugðið austur þegar sama kveldið, sem hann var tekinn, en sýslumaður kom þangað þrem dægrum seinna. Fann hann ekkert, en sá það á unglings stúlku, sem hann þekkti dálítið, að hún hafði ekki nokkurn grun um neitt brugg. – Rannsóknin varð því „algerlega þýðingarlaus"!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4.

Um „kreppuna“ er svo sem ekkert nýtt að segja. Einatt fara horfurnar versnandi, eins og annars staðar. Sagt er, t.d., að enginn afgangur hafi orðið af útgerð sjómanna þeirra, er tóku togara á leigu í haust; þeir hafi ekkert kaup fengið. Kárafélagið í Viðey er nú „alveg“ gjaldþrota, eins og ég skrifaði Pétri um daginn. En reyndar hefir það verið „við gjaldþrot“ í mörg ár. – Þá er nú takmarkinu náð um síldarútveginn. Er hér nú fundur „fulltrúa“ af öllu landinu; hófst hann í fyrrakveld og heldur áfram kl. 4 í dag. „Einkasalan“ skuldar nú yfir miljón króna, sem hún hefir ekkert upp í, og þótt útvegsmenn endurgreiddi þær tvær kr., sem þeir fengu fyrir tunnu, þá mundi þó vanta 5 kr. á hverja tunnu til þess að jafna hallann, – að sleppti útgerðinni sjálfri að öðru leyti (útvegsmönnum og sjómönnum). Verður víst mikil deila og rifrildi á fundinum, en það eitt mun víst, að ekki verði þessari einkasölu haldið áfram lengur.

Jóhann í Eyjum er farinn til Þýskalands í erindum stjórnarinnar til þess að reyna að greiða fyrir markaði á íslenzkum fiski. En til hvers verður það?

Ekki er Sir George Paish bjartsýnn á hag heimsins, eftir því sem birt er í Mbl. í morgun. Þetta er víst rétt. Flestir bankar eru í raun réttri „insolvent.“ – Hér í Rv. eru víst sama sem alls engin lán um þessar mundir (þótt nógir sé bankastjórarnir og banka-ráðin). – Sagt er, að menn sé að taka út fé sitt úr sparisjóðum og er þess von, að því er þarf til neytslu. En „hvað skal við gera“, þá peninga, er þar eru umfram? – – Í sambandi við það, er þú nefnir í bréfi Sveins, að þú ættir að koma heim vegna „kreppunnar“, þá er það að segja, eftir samtali við Svein og móður þína, að okkur sýnist alls engin ástæða til þess, að þú látir þetta standa fyrir námi þínu eða „útivist“, því að þeir, sem slyðja þig telja sjálfir, að þeir geri ekki annað þarfara við peninga sína. Veit enginn, hvað krónan kann að hrapa. Í dag er markið í 1,61 kr. og hefir aldrei verið eins, en þetta breytist líkl. aftur í bili. Peningar eru nú fremur öðrum auði „valtastir vina“, sem í Hávamálum segir. Er það eindregin skoðun vor allra, að þú bregðir eigi fyrir ætlan þinni meðan vert er í Þýskalandi, enda fer nú að styttast í ráðgerði veru þinni þar, hvort sem er.

(Nú er kl. að verða 1 og fer ég á dafnið).

Kl. 7½ e. m. Halldór og Ragnheiður komu til baka hér. Vilja afdráttarlaust, að þú farir þann veg sem ætlar. Sveinn hefir, að sögn Halldórs, [illegible] sig mjög vel; talað þar tíð. um niðurlagning einkasölu. [illegible] B.B.

Skrifa 18. jan.

Reykjavík, 11. janúar 1932.

Góði Bjarni minn.

Fyrir nokkurum dögum fekk eg bréf þitt, dags. 31. f. m. í Dresden og kann eg þér beztu þakkir fyrir.

Nú varð endir á ævi Baldurs bróður míns í nótt, kl. 12½. Var varla búizt við því í gær, að hann mundi lifa dægri lengur. Svo var hann aðfram kominn. Eg skrifaði ykkur bræðrum á bréfspjaldi 2. dag jóla og gat um veikindi hans og svo símaði Sveinn ykkur þegar honum tók meir að þyngja. Nú hefir hann aftur sent ykkur skeyti. – Baldur var einatt mjög heilsutæpur, bæði í barnæsku, 5–6 ára, og nú mörg hin síðari ár, en hjarnaði furðulega við upp úr bernsku-veikindum sínum og náði vexti og afli fullkomlega, en þó víst alldrei fullri sæld og hreysti að staðaldri. Þarf eg ekki þar um að ræða. Viku fyrir jól kendi hann mikilla þrauta; hafði hann lagt mikið á sig við prófarkalestur á þeim mikla auglýsinga- og blaðamoksturs-tíma. Hugði hann fyrst stafa af gigt; en síðan gekk eitthvað af blóði upp úr honum og síðan mikið úr þörmunum. Sáu þá læknar, að sóttin var mjög alvarleg. Helgi og Halldór Hansen stunduðu hann og hjúkrunar-kona var einatt yfir honum. Fyrir fáum dögum var hann fluttur í Landsspítalann og teknar geislamyndir. Var honum þá óðum að þyngja, en ekki hafa læknarnir þótzt vita með vissu, hvað að honum gengi. Var jafnvel talað um sull í lifrinni, og svo voru þeir hræddir um krabbamein og einnig var skemmd í lungunum. Var í ráði, að þeir hefði reynt uppskurð í dag, ef líf hefði komið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

Var Matthías þar með í ráðum. En annars var víst allt talið vonlaust eftir læknaskoðunina. Var hann heima, er hann lézt. – Mér kom þetta ekki að óvörum og bjóst við illu einu, er ég frétti um veikindi hans fyrir jólin. Maren ber sig víst eftir vonum með þreki og stillingu. Drengirnir eru hálfgerðir óvitar enn, fyrir alvarlegar sakir, þótt þeir sé að öðru leyti all-efnilegir. Siggi er heldur þroskaminni en Kristinn, eftir aldri; þeir eru jafnstórir á vöxt. Ranka er bæði stór og skynsöm. Bót er það í máli, að þau eiga frændlið nokkurt.

Segi ég svo ekki meira um þetta að sinni.

Veðráttan er heldur harðindaleg. Hefir snjór legið á jörð síðan á jólum og oft fjúk og muggur, en sjaldan verulegt stórviðri og frost lítil (almest einu sinni 10 stig). Í stjórnmálum gerist ekkert frásagnar-vert, svo að kunnugt sé. „Sjálfst.m." hafa nú birt tillögur sínar um kosningaskipan og er það all-flókið mál og lítt hugnæmt, þótt það sé víst í sjálfu sér til bóta. Uggir mig að ekki verði úr framgangi þess máls fyrst um sinn, nema gripið verði til örþrifaráða.

Þú minntist á fyrir nokkuru um ráðagerðir þínar viðvíkjandi ritgerð þinni og barst undir mig. Hefði ég átt að svara því tafarlaust, en það dróst úr hömlu. Mér líst vel á þetta efni og sýnist, að það muni í sjálfu sér vera fróðlegt að þekkja upptök deilda-skipunar þinga og megi eins vera að gagni að rannsaka það mál sem bezt, því að enn eru sumir, sem hafa vilja óskift þing. Kostir þess munu auðsæir, en á hinn bóginn líkur til þess, að málin fái þá ekki jafnrækilega athugun, eða a. m. k. að fleira „gangi í gegn", sem oft er til ills eins, og – en þessi trygging fyrir betur íhuguðum málum hverfur þó meira eða minna, þegar hvortveggi deildin má heita kosin af sama valdi, (eða önnur af hinni) eins og nú er hér á Alþingi. Sé ég, að margt er í þessu efni að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/ 11. janúar 1932

athuga, en það er alveg gagnslaust, að ég fari frekara að skrifa þér um það ~~efni~~ mál, þar sem þú hefir rannsakað það allt á víðtækara grundvelli og miklu gjör en lauslegar athuganir mínar ná til. Annars er nú oft á Alþingi algerlega misbeitt valdi Ed., – að mínu viti – og þá allra helzt í meðferð fjárlaga, þar sem eins atkvæðis meiri hluti ræður nú þrásinnis úrslitum stórra og smárra fjárveitinga og heilar, stórar stofnanir eru jafnvel settar á fót við seinustu (þriðju) umr. þar, en jafnframt búið svo um hnútana, með ýmsum makki og brögðum, að Nd. samþykki allt saman frumvarpið óbreytt, í heild. – Svona hefir það þrásinnis verið á síðustu þingum. Er það heldur léleg röksemd, sem mest er beitt í Nd., að réttast sé „að opna ekki" fjárlögin, því að þá ~~væri~~ væri hætta á, að útgjöld mundu hækka um of. – Að vísu geti einhver „hækkun" átt sér stað, en ef ærlegir og vitrir menn sæti í Nd., þá ætti að mega vænta þess, að ýmsar fjárveitingar geti alveg eins lækkað frá því, sem Ed. gekk frá. – Annars er þetta mjög barnaleg „þrotabúsyfirlýsing", því að réttmæti fjármeðferðar er alls ekki bundið við „hækkun" eða „lækkun", heldur þörf og gagnsemi fjárveitingarinnar hlutfallslega við það, sem til er kostað.

Ég mun innan skamms senda þér eitthvað af tilvitnunum, til helztu skoðana, er fram komu um miðja öldina og síðan um skipun Alþingis. En á síðari tímum hefir svo sem ekkert rökstutt komið fram í þeim efnum, þótt á það hafi verið minst á þingi og blöðum öðru hverju:

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bókin þín frá Stokkhólmsfundinum kom hingað um jólin, borin út af Sigurði gamla fangaverði. Hefir Pétur Sigurðsson víst haft á hendi útsending hennar, en líkl. legið á henni eitthvað. Nú verður hún send þér í ábyrgðarpósti. Virðist bókin merkileg að efni; – en fáir komu, landar á fundinn; aðeins einn af rúmum fjörutíu, er höfðu skrifað sig.

Af Borgarmálunum fregn er nú ekkert að segja. Dómur ekki kominn enn í máli Bjarnar Árnasonar. – Ísleifur gaf þegar skýrslu er hann kom á land og þóttist eingöngu hafa starfað í þágu frakkneska konsúlsins, en konsi verður ekki kvaddur fyrir rétt og situr svo víst við umsögn Ísleifs. Er og mælt, að Frakkaþjóðin hafi látið sjást út, að henni þyki ekki verr, þótt sem minst sé hreyft við málinu. – Aftur er sagt, að „konsa sé illa við Björn og vilji unna honum ófarnaðar. Enn er mælt, að ýmsir mætismenn hafi keypt Whisky-kassa af Birni, svo sem Ásgeir í Laufási, Bjarni á Reykjum o.s.frv., en engar veit eg sönnur á því. – Þá komst upp um nokkura bruggara um jóla-leytið. Er þar helzt að nefna Einar bróður Jóns í Klöpp, á Laugav. 28 og svo á fáum stöðum í Mosfellssveit og Kjós. Virðist bannlögunum nú fjara fylgi og munu ~~að~~ afdrif málsins í Finnlandi fremur stuðla að því. Svo ræður og meðaumkun með vinum „fínu" mönnum hér, t.d. hjá Sig. Eggerz, sem orðinn er „snúinn" í málinu.

Í stuttu máli má segja, að hér sé dimmir dagar og langar nætur, svo sem oft verður um þetta bil vetrar hér norður í hafinu.

Allir biðja að heilsa þér og óska velfarnaðar.

Þar sem móðir þín hafði heldur verið að hvetja þig til þess að hafa ekki langdvalir í Þýzkalandi, þá stafar það af geig við uppreisn í landinu og þesskonar vandræði, sem yfir virtast vofa. En þú þekkir betur, hvað tryggt er. – Sveinn hefir haft í ráði að fara til Sviþjóðar innan skamms til þess að búa undir

4 Samninga um síldarsölu þeirra bíða og hann hyggst að vera fyrir á komanda sumri. En fastir getur dregizt nokkuð, það farist fyrir, þar að síðast er, nema skipingi þar sem að káka við einhver höft og bönd,

sem eytt geta eða stórlamað allan síldarútveg.
Með beztu kveðjum og árnaðaróskum. Þinn gamli Pater.

Reykjavík 17. janúar 1932.

Góði Bjarni minn.

Skip fara nú á hverjum degi til útlanda og fer ið síðasta í lestinni nú í kvöld. Hripa ég því nokkrar línur, þótt hreint ekkert sé að frétta.

Enn er hríðarveður, en frostlaust. Er kominn snjór í meira lagi eftir því sem hér gerist, svo að bílar ganga lítt eða ekki utan bæjar. Austanfjalls er svo snjólétt, að fært er bílum upp á Kambabrún. Milli Rv. og Hafnarfj. hafa ferðir verið tepptar suma daga.

Nú eru þeir nýfarnir til útlanda Ásgeir Ásgeirsson (með frv. fyrir Tryggva), Magnús Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, til þess að kynna sér kreppuráðstafanir í Danmörku að atbeina ríkisstjórnar hér, Svafar Guðmundsson vegna síldar-einkasölu, „Tóta" í Þórshamri, er mun ætla til Berlínar, o.s.frv. Sveinn hafði í hyggju að sigla til þess að reyna samninga um sölu á síld næsta sumar, en gagnlaust er að fara fyrr en sést, hvort þingið ~~setur~~ reisir nýjar skorður fyrir veiði og sölu. – Skipin hafa selt heldur vel í Englandi undanfarna daga. Bankarnir „yfirfæra" nú sama sem ekkert og er kallað, að krónan fylgi enn pundinu, en pósthúsið selur nú danska kr. á 1,33, þegar hún telst 1,22 í bönkunum.

Gunnar Sigurðsson hefir fengið 75 „minka". Eru þeir geymdir inni í sláturhúsi, en verða fluttir austur að „Hlöðum" þegar færi gefst. Ekki hefi ég komið við að sjá þessar skepnur enn.

Ákveðið er, að jarðarför Baldurs fari fram á þriðjudaginn. Magnús Jónsson flytur húskveðju, en sr. Bjarni í kirkjunni. Ólafur Lárusson ætlar að skrifa eftirmæli í „Vísi". – Guðm. Frið-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jónsson er hér í bænum. Þykir mér ekki ólíklegt, að hann yrki einhver eftirmæli fyrr eða síðar. Annars er ekkert að segja í þessu sambandi.

Litlu systur hafa verið að leika sér á sleða í dag, því að nú er „góður snjór". Hér er Norðmaður að kenna mönnum á skíðum; hófst kenslan inni í Arnarhóls-brekku í dag. Sami maður kendi Siglfirðingum í fyrra.

Ég skrifa Pétri ekki í þetta sinn og engir aðrir nema að skrifa, meðfram af því, að ekkert er í frásögur færandi.

Hvað skyldi nú verða ofan á um ófriðar-skuldirnar? Ætli Frakkar fari að leggja undir sig sneið af Þýzkalandi? Varla getur rekið svona á reiðanum til lengdar.

Allir biðja að heilsa þér.

Vertu svo blessaður og sæll.

Þinn gamli Pater.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa 7. febr.

Reykjavík, 28. janúar 1932.

Góði Bjarni minn.

Bréf þitt dagsett 18. þ.m. fekk eg í fyrra-dag með „Lyru". Þá fengu systur þínar einnig bréf. Kunnum við þér beztu þakkir fyrir. Þótti mér fróðlegt að heyra um skollaleik frakknesku stjórnarinnar og „lasleika" Briands gamla. Hingað berast fáar fregnir um það, sem gerist „á bak við tjöldin". Vita menn því næsta-fátt annað en það, er in almennu frétta-skeyti flytja. Þó koma öðru hverju greinarkorn um „skaðabæturnar" eða herskuldirnar, sem bera með sér, að stjórnmálamönnum utan Frakklands sé að verða það ljósara, að allsherjar-nauðsyn beri til þess að fella þessar ranglátu kröfur. En hvað verður í framkvæmdinni?

Enn er veðráttan heldur rysjótt hér norður. Um síðustu helgi voru regn mikil og leysing. Tók snjó því til mikilla muna, en víða er þó nokkuð þykkur klaki á götum bæjarins, nema þar sem bifreiðahjólin hafa rist för í gegnum. Nú er útsynnings-hroði með éljagangi, en frost lítið. Snjór hefir verið minni austur í sveitum og sumsstaðar í Norðurlandi, heldur en hér.

Nú er aftur farið að „lifna í skákinni", þar sem eru róstur og æsingar kommúnista og jafnaðarmanna gagnvart Keflvíkingum og Vestmannaeyja-mönnum. Ofsi þessi hófst upp úr þurru með því að aðskotadýr eitt í Keflavík lagði bann á skipið „Vestra", sem átti að taka ~~fisk~~ fisk til útflutnings í Keflavík. Ætlaði hann og að hamla útgerð Keflvíkinga nema þeir semdi við „ráðið" hér í Rvík, skilst mér, en áður var ókunnugt, að um nokkura deilu væri að ræða.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

Fóru svo Keflvíkingar að Axel þessum og skiluðu
honum til Reykjavíkur um nótt. Hafa jafnaðarmenn
síðan sett viðskiftabann við Keflavík og Keflvíkinga
og er frá þessu öllu sagt í Mogga og Vísi og hefi
ég þar eigi við að bæta. Einum bátnum var meinað að
afhenda hér nýfenginn afla í enskan botnvörpung eða þá
handa bæjarmönnum, annar rændur olíutunnu, þriðja
hótað að verða sökkt ef hann reyndi að hreyfa sig frá
Steinbryggjunni, – en sætti svo færi og flúði og forst á
leiðinni til Keflavíkur. – Deilurnar í Ve. eru ómerkilegri,
því að þar eru Kommúnistar (og jafnaðarmenn) svo fámennir,
að hinir hafa í öllum höndum við þá. Ísleifur Högnason
fyrrum kaupfélagsstjóri er þar pottur og panna æsinganna.
Þykir all-hjákátleg saga hans um það, að skotið hafi verið
á hann inn um glugga seint um kveld. Félagar Ísleifs
voru þar staddir, en engum þeirra kom í hug að hlaupa
til dyra til þess að skyggnast eftir sökudólgnum! Var
þó bjart úti, af tunglsljósi og varla hætt við, að flokk manna yrði mætt
með skothríð. – Vinnukona Ísleifs tók til í stofunni morg-
uninn eftir, og hafði þá ekkert heyrt um morðtilraunina;
hefir því ekki orðið sérlegt „uppistand" í húsinu! Rann-
sókn er ekki lokið þegar þetta er ritað, en ekki þykir hér
annað líklegra, en Ísleifur hafi sjálfur fengið einhvern til
að pikka gat á rúðuna. Er hann að öllu talinn inn ómerk-
asti. – En „morðtilraunin" hefir verið notuð með hrossaletri
og fregnmiðum af Kommúnistum hér og Alþbl. – Þrír þeirra
fimm Keflvíkinga, sem tóku Axel, eru sagðir „Framsóknar-
„í stjórninni"
menn". Gengu þeir allir upp í stjórnarráð að skýra J.J. frá
athöfnum sínum, þegar um morguninn, er þeir komu með dólg-
inn. Er í almæli, að J. hafi eggjað þá, að láta hvergi undan síga,
og sagt á þá leið, að hér dygði enginn linleskju háttur, sem
Reykvíkingum væri títt. Víst er, að Alþbl. kallaði J.J. „hlífiskjöld
glópamanna" í samb. við heimsókn þessa og flutning Axels.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/ 28. jan. 1932.
Í deilum þessum hefir víst ekki komið fram meiri frekja og ójafnaður, heldur en forsprakkar þessir eru vanir að hafa í frammi, er við verður komið. Ástæðurnar virðast þó í vandfundnara lagi til þessarar uppreisnar í Ve. og Keflavík. Ætla ég ekki að fara að fjölyrða um þetta, því að blöðin bera nokkurn veginn með sér, hvernig það horfir við. – Alþb. hefir þó heldur „mórauða samviskuna" því að nú er það mjög að slá á þá strengi, hvað flokkur sá sé ávallt friðsamur og löghlýðinn. Friðurinn sé dýrmætur og nauðsynlegur, og meira að segja, að „réttur einstaklingsins" sé „hornsteinn þjóðskipulagsins". Þenna skilning hefir Ól. Fr. öðlast við brottflutning Axels úr Keflavík!

Kvef er að ganga hér í bænum um þessar mundir. Ekki hefir það þó valdið neinum alvarlegum eftirköstum og því varla orð á því gerandi.

Móðir þín bar frændfólkinu á Lv. 66 kveðju þína. Sagði Kristinn litli, að nú væri orðið svo langt síðan að hann hefði skrifað þér, að mál væri komið, að þú færir að svara.

Nú er Kristinn Andrésson kominn í bókasafnið. Mun það vera til bráðabirgða fyrir Björketil undan Fjalli, sem mælt er, að eigi að taka við sæti Árna. Ég hefi alls eigi þekkt Kr. fyrri, en virðist hann vel. Hann er vitanlega gagnlítill fyrst, því að allmikinn tíma þarf til þess að kynnast safninu svo, að bækur sé auðfundnar og afgreiðsla gangi greiðlega.

Eins og þú munt muna, á ég Englandssögu Macauley's, útgefna í Leipzig (Bernhard Tauchnitz, 1855), en aðeins átta bindi af tíu. Keypti ég þau eitt sinn öll á 8 kr. – Nú vantar tvö síðustu bindin og dettur mér í hug

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/

að spyrja þig, hvort þú mundir geta fengið þau hjá einhverjum „Kristjáni" (bóksala) þar í Berlín. Mundi ég þá eftirláta þér þessi 8 hefti bindi, sem ég á, og gætir þú þannveg eignast þessa nafnkunnu Englandssögu.

Ég hefi ekki tíma til að skrifa Pétri í þetta sinni; en er nú að hugsa um að haga svo til að senda honum bréf þitt til lestrar og sendingar áleiðis í Suðurlöndin.

Læt ég svo staðar numið og óska þér alls góðs.

Beztu kveðjur.

Þinn gamli Pater.

Með sögu lesist.

P. S. Til Péturs.

Samkv. ofanskráðu sendi ég þér bréf Bjarna til beztu fyrirgreiðslu. —

Ég hitti Magnús banka daginn sem hann sigldi og bað hann fyrir kveðju til þín. Muntu og hafa hitt hina fjármálamennina, Bjarna á Reykjum og Ásgeir. Eru þessir menn allir vinsamlegir og góðir viðurmælis.

Man svo ekki fleira að segja, enda er skipið nú alveg á förum.

Vale.

Tuus Pater.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 11. febrúar 1932.

Svarað 18/2.

Góði Bjarni minn.

Tvö bréf hefi eg fengið frá þér með skömmu bili og pakka og hvorttveggja ið besta. – Eg var að enda við bréf til Péturs og bað eg hann að senda þér það, þótt ekki sé mikið á því að græða. Munt þú hafa fengið bréf frá mér, er eg skrifaði um daginn og sendi Pétri, af því að eg hafði þá ekki færi á að skrifa ykkur báðum.

Nú er auð jörð, sólskin í gær og í dag. Hafa nú verið hlýindi um hálfan mánuð. Snjó og klaka leysti mjög fljótt um daginn; grasblettir komu grænir undan gaddinum. Afbragðs-veðrátta hefir verið norðaustan-lands í allan vetur.

Blöð verða þér send héðan í dag og eru þar allar almennar fréttir og verða þær að duga, ásamt bréfi Péturs, sem eg vona, að þú fáir bráðlega. Ranka og mamma þín eru lasnar af kvefi og skrifa því ekki. Liggur Ranka þessa dagana, en er að batna. Litlu systur hafa haft annað að sýsla þessa merkisdaga, flengingardaginn og öskudaginn, eins og þú getur nærri. Þær „standa sig" óþarflega vel í skólanum, eru mjög duglegar að lesa og eru víst allt af efstar. Höfðu þær hækkað í öllu við síðustu vitnisburða-gjöf og voru mjög hróðugar. Ranka stendur sig líka vel í „mentaskólanum".

Sveinn er nú að fara til Akraness í dag í einhverjum útvegserindum. Skrifar því ekki. Hann sýndi mér bréf þitt síðasta og hafði áður minnst á blaðamálin við mig. Fannst honum, sem þú tækir heldur líklega undir bollaleggingar hans í bréfi þínu, en mér sýndist annað, þegar eg las það, og sagði þá við hann, að hann minnti mig nú á gamla skopvísu, er eignuð var manni, er var að draga sig eftir stúlku, – en vísan er svona: „„Eg er ekki vonlaus um, að eg kannske neiti þér –" sagðir þú á kirkjuleið, vongóður því kem eg hér!" Þykir mér og ekki með ólíkindum, að þú teljir nokkur tormerki á því ráði. Víst er það svo, að Íslandi væri á engu meiri nauðsyn, en að þjóðin eignaðist öflugt blað, sem viturlega væri stjórnað og reyndi að eyða hleypidómum og heimsku en efla skynsamlegt vit. En þar er í mikinn vanda ráðizt og langsótt verk og þarf vel að leggja ráðin áður slíkt sé á hendur tekizt. Þó er þetta engan veginn ókleift.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/ En þú veizt nú, hversu háttar í landi voru, að þorri manna hefir varpað sjálfstæðri skoðun fyrir borð og er albrynjaður af flokka-hatri, blindni og hleypidómum gegn öllum skynsamlegum röksemdum. Þó eru allmargir víðsvegar, sem mjög mundu fagna blaði, er færi fram með skynsemd og réttsýni. – „Sjálfstæðisflokkurinn" svo nefndi getur varla flokkur heitið, því að þar er engin forusta né stjórn og engin samheldi, heldur eru þetta ýmiskonar flokksbrot og riðlar, sem hafa ekki annað sameiginlegt, að vera andvígir stjórninni, jafnaðarmönnum og kommúnistum. Þessir menn eru því lang-helzt fáanlegir „til viðtals", því að þeir eru ekki mýldir valdboðskenningum eins og hinir, en aftur gagnslausir eins og stendur vegna forustu-leysis og sundrungar. – Þótt Jón Þorl. sé skynsamur vel, og Magnús Guðmundsson ýtinn karpari, þá hafa þeir engin tök á fólki alment, og þorri „ungra" sjálfstæðismanna bindur ekki trúss við þá. Þessir „ungu" eru og mjög misjafnir og óreyndir, sumir ötulir og ákafir, en minni „ráðagerðarmenn" og „óráðið" og ósýnt, hversu þeir gefast. – „Stormur" fer sínar leiðir, einarður og fer með margt rétt, en hefir ekki traust að sama skapi. Ekkert blað hefir gagnrýnt landreikningana sem hann, en umsögn hans liggur í þagnargildi og allt þetta (hið einstaka) leiðir „Moggi" alveg hjá sér. – Eini möguleikinn til þess að fá áheyrn hins „albrynjaða" bandalýðs á heldur skömmum tíma virðist mér sá, að „framsókn" og „sjálfstæði" sé komið saman í flokk, með samsteypustjórn. Ef þetta væri framkvæmanlegt, mundi eitthvað klofna út úr báðum (svo sem JJ. frá „Framsókn") og við það los og umrót neyddust „bændur" til þess að skoða málin frá nýjum sjónarmiðum. Þessa samsteypuhugmynd munu sumir hafa, en JJ. er henni andvígur, af því að hann veit, að þá fer hann frá völdum (í bráð að minsta kosti). „Ungir" sjálfstmenn, og margir aðrir, eða kannské flestir, eru þessu og andvígir, af því að þeir hyggjast með því taka vanda af núverandi valdhöfum og gangast undir „ábyrgð" þjóðarhagsins með þeim. – En þraukar ekki stjórnin „endalaust", hvernig sem fer um hag landsins? „Bændur" virðast una mjög vel við þær „lífsvenjubreytingar", sem leiða af verðfalli afurða og fjármála-ógöngum þeim, sem í er ratað. JJ. virðist hafa lag á því, að koma þ. bændum í skilning um, að allt, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/ 11. febr. 1932.

nú hlýtur að stöðvast af sjálfu sér, sé aðeins ✗ orðið sakir framsýni hans og úrræða að stýra „varlega“ í gegnum „kreppu-“vandræðin. – Þegar Tryggvi sagði t. d. í nýársboðskap sínum í útvarpinu, að menn söfnuðu skuldum í góðæri, en greiddu þær í hörðum árum (líkt hafði reyndar Jón Þorl. sagt í einni ritgerð sinni ekki alls fyrir löngu) – þá sögðu „bændur“ í sveitunum: „Svona er Tryggvi allt af góður og réttsýnn, allt af er hann tillögugóður og finnur leiðina út úr ógöngunum.“ Þetta er haft eftir Ólafi frænda þínum í Lindarbæ!!

Eg er nú aðeins að sýna þér, hvernig mér sýnist-við horfa í landinu á þessum tímum og finnst mér sem þessi skoðana-múll verði ekki leystur af nautskjálkum flokkstuddanna í skjótri svipan.

En hversu sem nú kann að fara um flokkana á þingi, þá er vitanlega nauðsynlegt, að raddir og tillögur skynsamra og góðra manna geti sem best komizt til almennings og mætti mikið laga núverandi blöð með litlum kostnaði. – Ekki veit eg, hversu fer um „Vísi“ í framtíð. Hann lifir á auglýsingunum og stundum koma í honum allgóðar greinir, en hann er varla lesinn nema í Reykjavík. Páll og Jakob breyta honum víst ekki til hins betra úr þessu. – Nú er Jón Sigurpálsson farinn frá „Vísi“. Hafði lengi verið sundurþykkja með honum og þeim sameigöndum hans. Þóttust þeir finna mikil missmíði á fjárreiðum hans við blaðið og ærinn fjárdrátt. Þótti mér þetta undarlegt og kom mjög á óvart, því að eg hugði Jón mjög ráðvandan, þótt vitmaður sé hann engi. Hafa þeir P. og M. nú „keypt“ eignahlut hans í blaðinu.

Kristinn kunningi þinn er nú farinn að venjast svo í safninu, að hann getur afgreitt nokkurn veginn og er einkar-viðkynningar-góður. Hann hefir gert ráð fyrir að skrifa þér. Allmargt manna kemur í lestrarsalinn, – ef menn skyldi kalla. Allur þorrinn er skólabörn, mest úr Verzlunarskóla, gagnfræðaskóla o. s. frv., og svo einstaka fræðimaður við og við. Verður það hálfþreytandi stundum að moka úr mógröfinni handa þessum lýð: Tarsan sögum, „Hauk,“ „Nýjum Kvöldvökum, landafr. Bj. Sæm., Sögu Þorleifs H. Bjarnasonar, „efni í danska stíla“ o. sfr. o. s. frv.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/ 11. febr. 1932.

Þjórketill undan Fjalli varð ekki langsætinn í kennaraembættinu. Fékk hann það í vor daginn sem skóla sleit og lagði niður í haust þegar kensla hófst af nýju.

Sigurður Skúlason hafði samið doktorsritgerð um galdramál á Íslandi og afhent háskólanum í fyrra. Leið svo vel ár, að eigi vanst tími til að lesa ritgerðina. Svo um daginn fóru þeir Árni Pálsson og Einar Ól. Sveinsson í gegnum hana, en vísuðu henni frá meður því að hún byggðist of-einhliða á ritgerð Ólafs heitins Davíðssonar um þetta efni. – Sigurður er duglegur maður og tók þegar samdægurs að endursemja ritgerð sína. – Þá ætlar og dr. Guðbrandur að taka doktorsnafnbót hér fyrir samkeppnisritgerð sína við umsókn prófessors-embættisins. – Er nú mjög ofarla í Hallgrími bókaverði að freista hins sama. Satt að segja virtist mér ritgerð Árna, sem kom í Skírni, heldur rýr í roði, enda skrifaði Pétur mér frá Höfn, að öðrum keppinautum hefði litt þótt koma til birtingar þeirrar ritgerðar, því að úr því að hún hefði verið dæmd bezt, þá mætti nærri geta, hvernig sú lakasta væri! – Minnir þetta á vísu Sighvats skálds um gistingarstaði hans í Gautlandi. – Nú sér þú á blöðum þessum, að ég hefi flýtt mér og ekki gáð að snúa við blaðinu. Verða því eyðurnar tvær og er ég nú þrotinn að efni, enda þarf ég nú að hverfa niður á safn. –

Jón Magnússon skáld hefir oft beðið mig að bera þér kveðju. Fyrirtæki hans, húsgagnasölunni, mun vel farnast. Hann hefir nú ort kvæði eftir Baldur, sem á að koma í „Eimreiðinni". Ekki hefi ég séð það, en Maren sagði mér, að sér líkaði það vel. –

Guðmundur Friðjónsson hefir dvalizt í bænum síðan á jólaföstu og er nú nýfarinn heimleiðis.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Ég vil bæta því við það, er ég vék að blaðamensku hér, að ég hvorki eggja þig né af-eggja, enda sér þú sjálfur bezt, hvað hentar. Annars þarftu varla að hafa miklar áhyggjur um stöðu og afkomu í framtíð, því að þótt ekki sé nú glæsilegt framundan yfir höfuð, þá munu þér mörg sund opin og fer ég ekki meir út í það að sinni.

Móðir þín og systur senda þér beztu kveðjur.

Vegni þér vel.

Þinn gamli

Pater.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur